

SHALDOR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Kassakerfi &  
sjóðsvélar



Enskur texti saminn  
Greta Salóme segir koma í ljós  
hvort Eurovision-lagið Mundu  
eftir mér verði flutt á ensku.  
fólk 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

21. febrúar 2012  
44. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt retriðskýrslun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Hampað af Vogue**  
Fatalína Ernú Einarsdóttur  
fékk góðar viðtökur á  
tískuvíkunni í London.  
fólk 34

**Alltaf að bíða eftir gosi**  
Vilhjálmur Knudsen hefur  
myndað öll eldsumbrot á  
landinu síðan 1963.  
menning 24



**Skyttarnar í Napólí**  
Sextán liða úrslit  
Meistaradeildarinnar  
halda áfram.  
sport 30

veðrið í dag



**SLYDDA EÐA RIGNING** í  
dag verða austan 8-15 m/s og  
úrkoma um allt S- og V-landið  
en úrkomulítið NA-til. Hiti um  
frostmark en 0-5 stig syðra.

VEÐUR 4

1 dagur  
til Öskudags

Sjáðu  
búningana  
okkar á  
Facebook

Barnabúningar:  
1.490, 2.990  
og 4.990

**PARTY BÚÐIN**  
ALLT FYRIR VEISLUNA  
Faxafeni 11 • sími 534 0534

## Ísland gerir ekki nóg til að fyrirbyggja kynþáttafordóma

Kynþáttafordómanefnd Evrópuráðsins hvetur íslensk stjórnvöld til að ljúka lagasetningu um bann við mismunun vegna kynþátta. Þá vill nefndin að múslimar hérlendis fái land og leyfi til að reisa moskur.

**SAMFÉLAGSMÁL** Talsvert er enn óunnið í baráttunni gegn kynþáttafordómum á Íslandi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Kynþáttafordómanefndar Evrópuráðs (ECRI) um Ísland sem kynnt verður í dag. Í skýrslunni eru lagðar fram nokkrar tillögur til úrbóta og mælist ECRI til þess að íslensk stjórnvöld setji þrjú mál í sérstakan forgang.

Í fyrsta lagi skuli múslimar á Íslandi fá land og leyfi til að reisa þar moskur þar sem þeir geti iðkað trú sína, í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu. Í annan stað eru stjórnvöld hvött til að ljúka lagasetningu um bann við mismunun vegna kynþátta og misréttis. Loks er hvatt til þess að

### „Fjandsamleg ummæli“ á Omega

Í umræðu um fjölmiðla, internet og útgáfustarfsemi segjast skýrsluhöfundar „hafa fengið upplýsingar um að á einkarekinni sjónvarpsstöð sem ber heitið Omega séu fjandsamleg ummæli um múslima gjarnan viðhöfð og alið á þeirri staðalmynd að múslimar séu hryðjuverkamenn“. Í skýrslunni segir aukinheldur að upplýsingar hafi borist um vefsíður sem birtu fjandsamleg ummæli um múslima.

Í hegningarlögum verði metið til refsipýngingar ef kynþáttafordómur liggja að baki brotum. Á næstu tveimur árum hyggst ECRI fylgja þessum þremur atriðum eftir.

Skýrsluhöfundar benda auk þess á ýmislegt annað sem betur megi fara hérlendis. Til dæmis hafi enn ekki verið komið á fót sérhæfðu

embætti sem hafi það hlutverk að sporna við kynþáttafordómum og mismunun á grundvelli kynþátta eða þjóðernis og ekki hafi heldur verið komið á fót óháðu embætti sem fara eigi með rannsókn ásakana um ósæmilega hegðun af hálfu lögreglunnar. Þá hafi fjármagn til íslenskukennslu fyrir útlendinga

verið skorið niður, fjölmiðlar tiltaki oft þjóðerni einstaklinga sem grunaðir eru um afbrot, án þess að það tengist málinu beint og hlutfall þeirra sem hætta námi í framhaldsskóla sé mun hærra meðal nemenda sem koma úr röðum innflytjenda en meðal íslenskra nemenda.

Það er mat skýrsluhöfunda að margt hafi verið fært til betri vegar frá því að síðasta skýrsla kom út árið 2006. Þar má nefna að lög sem banni mismunun á grundvelli kynþátta séu í undirbúningi og aðgerðir til að tryggja að erlendar konur neyðist ekki til að vera áfram í offeldissamböndum af ótta við að missa rétt sinn til veru á Íslandi. Þá hafi reglur um hælisleitendur hér á landi verið bætтар. - þj



**BESTU BITARNIR** Sprengidagur er haldinn hátíðlegur í dag og var saltkjötið þegar farið að rokseljast í Kjóthöllinni í gær. Kjötát við upphaf föstu er hefðbundið hér á landi, en Árni Björnsson segir í bók sinni, Sögu daganna, að vitað sé að saltkjöt og baunir hafi tíðkast allt frá síðari hluta 19. aldar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikill titringur innan ríkisstjórnarflokkanna vegna vinnu sem tengd er virkjanakostum:

## Alger óvissa um rammaáætlun

**UMHVERFISMÁL** Aðeins þeir tveir ráðherrar sem nú vinna að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða virðast vita hvar málið er stadd, en málið gæti reynst ríkisstjórninni erfitt.

Málið er nú á borðum Oddnýjar G. Harðardóttur, setts iðnaðarráðherra, og Svandísar Svavarsdóttur umhverfissráðherra. Þær halda spilunum þétt upp að sér og heimildarmenn Fréttablaðsins segja að enginn viti í raun hvar málið sé stadd. Margir þeirra töldu það hins vegar þannig vaxið að framtíð ríkisstjórnarinnar gæti oltið á því.

Drög að þingsályktunartillögu voru lögð fram í haust og þar var að finna skiptingu virkjanakosta í verndar-, nýtingar- og biðflokka. Fjölmargar umsóknir bárust og málið er nú á forræði iðnaðarráðherra. Samkvæmt áætlun átti að leggja fram frumvarp fyrir Alþingi í síðasta lagi 1. febrúar, en það hefur ekki tekist.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er fyrst og fremst deilt um fjögur svæði: neðri hluta Þjórsár, svæði á miðhálandinu, Strokköldur og Hágöngur, og svæði á Reykjanesinu, ekki síst Eldvörp. - kóp / sjá síðu 8



**N1 BLAÐIÐ**  
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Meðlimir Brain Police ósáttir:

## Saka rappara um lagastuld

**TÓNLIST** Útgáfufyrirtæki Brain

Police í Bandaríkjunum, Small Stone, ætlar að athuga hvort enski rapparinn Skepta hafi gerst sekur um brot á höfundarétti með því að nota hluta úr lagi rokksveitarinnar í smáskífulaginu sínu Hold On án hennar samþykkis. Um er að ræða lagið Jacuzzi Suzy sem kom út árið 2003.

„Þetta er klárlega stolið hjá honum, það heyrir langar leiðir,“ segir söngvarinn Jenni. „Hann er ekki bara að taka ríffíð heldur nokkurn veginn bítið úr laginu líka. Það verður mjög gaman að fylgjast með hvað gerist næst.“

- fb / sjá síðu 26



JENNI Í BRAIN  
POLICE

Skýr

Ný  
bragðtegund.  
Karamella!



Njóttu lífsins með  
heilbrigðum lífsstíl



# NÝIR KRAFTAR

## – ÖFLUGRA ATVINNULÍF

Nú eiga fyrirtæki þess kost að bæta við sig starfsfólki úr röðum atvinnuleitenda og fá hluta launakostnaðar endurgreiddan.

### Þú getur:

1.

Ráðið starfsmann sem hefur verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur og fengið **167.176 kr.** á mánuði í styrk upp í kjarasamningsbundin laun, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Tímalengd ráðningarstyrks getur verið allt að 12 mánuðir.

2.

Ráðið starfsmann sem hefur verið án vinnu skemur en 12 mánuði og fengið allt að 6 mánaða styrk upp í kjarasamningsbundin laun, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Styrkurinn miðast við bótarétt starfsmannsins.

**VINNANDI VEGUR** er sameiginlegt átak samtaka atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins. Ávinningur allra er hafður að leiðarljósi: Um leið og atvinnurekendum er gert kleift að nýráða starfsfólk er atvinnuleitendum gefið tækifæri til þátttöku í atvinnulífinu.

Með þátttöku í **VINNANDI VEGI** eiga atvinnurekendur kost á styrk með ráðningu nýrra starfsmanna úr hópi atvinnuleitenda. Átakið beinir sjónum sérstaklega að einstaklingum sem hafa verið án vinnu lengur en 12 mánuði.

**Átakið stendur eingöngu frá 15. febrúar til 31. maí.**

**Nánari upplýsingar á [www.vinumalastofnun.is/vinnandivegur](http://www.vinumalastofnun.is/vinnandivegur)**



**VINNANDI**

**VEGUR >>**





## Að hlúa að sparnaði fyrir þig og þína

Byrjum að hlúa að sparnaði fyrir stóru stundirnar í lífinu. Það er nóg að byrja með lága upphæð á mánuði, fyrstu skrefin þurfa ekki að vera stór til að þú sjáir árangurinn.

Hvernig vilt þú leggja fyrir? Viltu leggja inn á sparnaðarreikning, kaupa í ríkis-tryggðum sjóðum eða öðrum sjóðum?

Byrjaðu að hlúa að sparnaðinum þínum.

Hafðu samband eða komdu við í næsta útibúi.

 Arion banki

## KJÖRKASSINN



Borðar þú bollur á bolludaginn?

JÁ	83%
NEI	17%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Borðar þú saltkjöt og baunir á sprengidaginn?

Segðu þína skoðun á visiris



Um 58 prósent skoðaðra kvenna með leka PIP púða samkvæmt nýjustu tölum:

## Byrjað að fjarlægja PIP púða

**HEILBRIGÐISMÁL** Skurðaðgerðir vegna brotnáms PIP brjóstapúða hófust á Landspítalanum í gær morgun. Talið er að um 440 konur hér á landi séu með púðana, en af þeim fengu 393 bréf frá velferðar ráðuneytinu þar sem boðið var að láta fjarlægja púðana úr þeim á Landspítalanum. Nýir sílíkonpúðar verða ekki settir í konurnar í sömu aðgerð.

Af þessum 393 konum hafa 154 leitað til Krabbameinsfélags Íslands og farið í ómskoðun vegna brjóstafyllinganna. Samkvæmt nýjustu tölum frá landlæknisembætti-



**SKURÐAÐGERÐ** Brotnám PIP púða úr brjóstum kvenna hófst í gær morgun.

inu hafa 89 þeirra, eða 58 prósent, greinst með leka púða.

Hlutfall lekatíðni hefur lækkað töluvert frá því að fyrstu

skoðanirnar voru framkvæmdar á Leitarstöðinni, en til að byrja með var rúmlega 80 prósent kvenna með leka púða. Það fór svo niður í 68 prósent í næstu skoðun og stendur nú í 58 prósentum, eins og áður sagði.

Evrópusambandið rannsakar nú hvort iðnaðarslíkonni í hinum frönsku PIP púðum sé skaðlegra en annað sílíkon, en niðurstöður rannsókna hingað til hafa verið ófullnægjandi. Getgátur hafa verið á lofti um að það sé krabbameinsvaldandi, en erfitt hefur reynt að staðfesta það þar sem mismunandi efnasambönd eru í púðunum. - sv

## Offeldi gagnvart drengjum: Læknar vilja banna umskurð

**SVÍPJÓÐ** Umskurður drengja á trúarlegum forsendum er líkamsárás. Þetta segir félag barnalækna í Svíþjóð.

Félagið hefur gefið út yfirlýsingu þar sem hvatt er til þess að umskurður sem ekki byggir á læknisfræðilegum þáttum verði bannaður.

Staffan Jansson, stjórnarmaður í félagi barnalækna, segir að banna eigi umskurð vegna þess að drengir geti ekki tekið ákvörðun sjálfir. Aðgerðin feli í sér afskræmingu. - þeb

# Funduðu um aðstoð við grísk stjórnvöld

Fjármálaráðherrar evruríkjanna reyndu í gærkvöldi að ná saman um 130 milljarða evra aðstoð til Grikklands. Grikkir eiga rétt á fé úr svæðapróunarsjóði ESB. Þjóðverjar bjóðast til að hjálpa til við stjórnsýslu og útfærslu skattareglna.

**GRIKKLAND** Vonir stóðu til þess í gærkvöldi að fjármálaráðherrar evruríkjanna samþykktu 130 milljarða evra fjárhagsaðstoð við Grikkland. Fundi þeirra sem fram fór í Brussel í gær var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Í tengslum við þessa aðstoð er talið líklegt að fjármálafyrirtæki feli niður 100 milljarða evra af skuldum gríska ríkisins, og tapi þar með allt að 70 prósentum af því sem Grikkir skulda þeim.

Grikkland þarf fé frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir 20. mars til að geta greitt næstu afborganir af skuldum ríkissjóðs.

„Við verðum að ná niðurstöðu á þessum fundi, tíminn er að renna út,“ sagði Jean-Claude Juncker, forsetisráðherra Lúxemborgar, sem stýrði fundi fjármálaráðherranna í gærkvöldi.

Þjóðþing þriggja evrulandanna, nefnilega Þýskalands, Hollands og Finnlands, þurfa reyndar að samþykkja þessa fjárhagsaðstoð áður en hún verður að veruleika. Loks þarf leiðtoga Evrópusambandsins að leggja blessun sína yfir hana á fundi sínum í byrjun mars.

Miklar efasemdir eru um að þessar aðgerðir dugi til að koma ríkisskuldum Grikklands niður í 120 prósent af vergri landsframleiðslu, eins og stefnt er að. Landsframleiðslan hefur dregist saman þannig að nú þegar vantar að minnsta kosti sex milljarða evra upp á að það markmið náist.

Niðurskurður í ríkisfjármálum hefur bitnað harkalega á almenningsi í Grikklandi og hagvöxtur vart í sjónmáli.



**Á FUNDI FJÁRMÁLARÁÐHERRA EVRURÍKJANNA Í BRUSSEL** Lúkas Papademos, forsetisráðherra Grikklands, á tali við Jean-Claude Juncker, fjármálaráðherra Lúxemborgar, og Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra Grikklands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**120** milljarðar evra er sú upphæð sem

Grikkland þarf til að greiða af skuldum sínum þann 20. mars.

Volker Kauder, þingflokksformaður Kristilega demókrataflokksins í Þýskalandi, hefur vakið athygli á því að Grikkjum standi til boða umtalsverður stuðningur úr svæðapróunarsjóði ESB. Reyndar standi bæði Spánverjum og Portúgölum slík aðstoð til boða.

„Peningarnir eru til á fjárlögum Evrópusambandsins. Það á bara eftir að óska eftir því,“ segir hann

í þýska vikublaðinu Bild am Sonntag. Með þessu fé geti Grikkir fengið hjálp við uppbyggingu með svipuðum hætti og Þýskaland fékk eftir seinni heimsstyrjöldina með Marshall-aðstoð frá Bandaríkjunum.

Þá hafa Þjóðverjar boðist til að aðstoða Grikki við endurbætur á stjórnsýslu ríkisins, meðal annars við að útbúa skilvirkara skattkerfi. Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, hvetur Grikki til að fallast á þetta boð.

Grikkir gætu þó átt erfitt með að þiggja aðstoð af þessu tagi frá Þýskalandi, ekki síst í ljósi þess hve illa Grikkir tóku ú nýlegar hugmyndir Þjóðverja um að Evrópusambandið taki tímabundið að sér stjórn efnahagsmála í Grikklandi.

gudsteinn@frettabladid.is

Endurskoðendur um frumvarp vegna skattaundanþága tengdra IPA styrkjum:

## Gæti veikt stöðu innlendra aðila

**EVROPUMÁL** Félag löggiltra endurskoðenda segir frumvarp um undanþágu skatta og gjalda af IPA styrkjum Evrópusambandsins (ESB) ekki fylgja þeirri kröfu að styrkirnir skuli renna óskiptir til þeirra verkefna sem þeim er ætlað. Þetta kemur fram í umsögn félagsins um frumvarpið, en það verður líklega afgreitt innan skamms úr efnahags- og viðskiptanefnd til annarrar umræðu á þingi.

Samkvæmt umsögn endurskoðenda eru hugtök frumvarpsins oft óljós, sem geti varpað vafa um hvort greiða þurfi skatt af þjónustu eða ekki. Samkvæmt því gæti frumvarpið veikt stöðu innlendra aðila í samkeppni um verk tengd IPA verkefnum því að þeir þurfi að greiða tekjuskatt af sínum tekjum á meðan svo er ekki um erlenda aðila.

Bændasamtök Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna leggja gegn frumvarpinu þar sem þau telja að það feli í sér aðlögun að regluverki ESB.

Aðrir aðilar, til dæmis Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnun Íslands og Ríkisskattstjóri gera engar athugasemdir við frumvarpið í



**ALÞINGI** Frumvarpið er nú til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd og mun líklega fara til annarrar umræðu á þingi innan skamms.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

svörum sínum. Samband sveitarfélaga telur rétt að þau sveitarfélög sem hafi áhuga á að taka þátt í IPA verkefnum á sviði byggðamála fái tækifæri til þess.

- þj

**Eiródag**

KEMUR HEILSUNNI Í LAG

**20% AFSLÁTTUR**  
1.FEB-29. FEB



Reykjavíkur Apótek

**OPNUM KL.10**  
ALLA VIRKA DAGA

Nýr opnunartími í Vínbúðunum  
Skeifunni, Dalvegi og Skútuvogi.

**MÁN-FÖS**  
**10-20**

**LAU 11-18**

**SKEIFAN • DALVEGUR**  
**SKÚTUVOGUR**

**VÍNBUÐIN**

Þú sérð opnunartíma annarra Vínbúða á vinbudin.is



**BYLGJAN**  
989

**Sprengisandur**  
kraftmikill þjóðmálaþáttur

**Sigurjón M. Egilsson**  
stýrir Sprengisandi  
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



**VW Golf Trendline 1,4**  
Árgerð 2010, bensín  
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð  
**2.890.000,-**

# NÝLEGGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Touareg vs**  
Árgerð 2005, bensín  
Ekinn 82.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**3.690.000,-**



**VW Passat Highline**  
2.0 FSI, Árgerð 2005, bensín  
Ekinn 92.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**1.990.000,-**



**VW Polo Trendl. 1,2 TDi**  
Árgerð 2011, dísel  
Ekinn 25.000 km, beinsk.

Ásett verð  
**2.290.000,-**



**Volvo S40**  
Árgerð 2007, bensín  
Ekinn 53.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**2.590.000,-**



**Toyota RAV4**  
Árgerð 2005, bensín  
Ekinn 81.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**1.890.000,-**



**Skoda Octavia TDI**  
Árg. 2009, dísel  
Ekinn 101.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**2.490.000,-**



**Honda CR-V Elegance**  
Árgerð 2007, bensín  
Ekinn 96.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**2.950.000,-**



**Suzuki Vitara Lux**  
Árgerð 2010, bensín  
Ekinn 46.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**3.990.000,-**



**VW Golf GTI**  
Árgerð 2006, bensín  
Ekinn 105.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**2.490.000,-**



**Toyota Yaris Terra**  
Árg. 2007, bensín  
Ekinn 55.000 km, beinsk.

Ásett verð  
**1.490.000,-**



**Toyota Land Cruiser**  
150, Árgerð 2010, dísel  
Ekinn 23.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**8.790.000,-**



**M.Benz C200 Kompressor**  
Árgerð 2007, bensín  
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.

Ásett verð  
**3.590.000,-**

FRÉTTASKÝRING: Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða

# Milljarður í áætlun sem óvissa ríkir um

Unnið hefur verið að rammaáætlun síðan árið 1999. Þremur verkefnisstjórnnum og nokkrum skýrslum síðar er enn deilt um útkomu hennar og það sem meira er; sjálfar forsendurnar fyrir henni. Stjórnarflokkunum gengur illa að koma sér niður á endanlega flokkun náttúrusvæða og málið gæti reynst þeim erfitt.

Framkvæmd rammaáætlunar hófst með skipan verkefnisstjórnar vorið 1999. Verkefnið hét þá reyndar rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma og 1. áfanga lauk í ársbyrjun 2003 með mati og samþykkingu á 35 virkjunarkostum vatnsafls og jarðvarma, en yfirskrift áfangans var nýting. Þeir voru flokkaðir í fimm flokka eftir umhverfisáhrifum, aðra fimm eftir heildarhagnaði og fimm eftir arðsemi.

Ný verkefnisstjórn var skipuð til að vinna 2. áfanga, þar sem yfirskriftin var vernd og nýting. Hún skilaði af sér skýrslu vorið 2007 og þriðja verkefnisstjórnin var þá skipuð. Eftir því sem áherslan varð meiri á umhverfisþættina fékk áætlunin nýtt heiti; rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

## Kostirnir flokkaðir

Verkefnisstjórnin skilaði síðan af sér skýrslu árið 2011 og var þar að finna lista yfir virkjanakosti. Iðnaðarráðherra skipaði síðan nefnd sem fór yfir niðurstöðurnar og skilaði drögum að þingsályktunartillögu til ráðherra. Þau fóru í umsagnarferli og síðan átti að leggja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi í janúar. Það hefur hins vegar dregist.

Að einhverju leyti kann það að skýrast af þeim mikla fjölda umsagna sem bárust, en þær



ÞJÓRSÁ Þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsá eru í nýtingarflokki samkvæmt tillögu starfshóps. Deilt er um þær virkjanir á milli stjórnarflokkanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

voru alls 225. Hins vegar hljóta stjórnvöld að hafa gert ráð fyrir fjölda umsagna í öðru eins hitamáli.

Það sem fyrst og fremst skýrir töfina er hins vegar að illa gengur að ná saman um tillöguna. Hún flokkar kosti í nýtingar-, verndar- eða biðflokki og það virðist vera að renna upp fyrir ansi mörgum hvað sú flokkun

þýðir. Að sé svæði komið í nýtingarflokk, eftir allt þetta ferli, þá sé til lítils að ætla sér að berjast gegn nýtingu þess.

## Forsendurnar vefngar

Ummæli Svandís Svavarsdóttur umhverfisráðherra á þingi í síðustu viku vöktu einnig athygli. Þar sagðist hún hugsi yfir því að núverandi kynslóð ætti að ákveða fyrir hönd komandi kynslóða hvað yrði virkjað og hvað ekki.

„Ég hef velt upp þeirri spurningu í hvaða stöðu núlifandi kynslóð er að setja sig gagnvart framtíðinni með því að taka þessar ákvarðanir í eitt skipti fyrir öll, en fyrst og fremst er þetta mjög mikilvægt ferli sem ég er alveg handviss um að er náttúruvernd til framdráttar,“ sagði Svandís í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

Þessi ummæli ganga í raun gegn grunnforsendu rammaáætlunar og þvert gegn ummælum Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra. Hún hefur lagt áherslu á að áætlunin lyfti þjóðinni upp yfir þær deilur sem klofið hafa hana í virkjanamálum. „Eitt af stóru verkefnum í orkumálum Íslands er að ná sátt og samstöðu meðal þjóðarinnar um hvar skuli virkja og hvar skuli vernda,“ sagði hún í grein í Fréttablaðinu 12. október 2011.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir hins vegar að mikilvægt sé að málið nái fram að ganga og komi inn í þingið. Í umsögn þrettán náttúruverndarsamtaka um frumvarpsdrög in var lýst yfir stuðningi við þá aðferðafræði að skipta virkjanahugmyndum upp í verndar-, nýtingar- og biðflokki.

„Sú afstaða okkar hefur ekkert breyst. Við teljum að það sé

## Þjóðgarð á miðhálandið

Stjórnvöld hafa nú tækifæri til að leggja fram metnaðarfulla áætlun um nýtingu landgæða með náttúruvernd að leiðarljósi. Undirrituð samtök leggja hér til að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálandi Íslands; þjóðgarður sem myndi setja Ísland á heimskortið fyrir framsýni og áráðni í umhverfismálum. Við styðjum þá aðferðafræði að skipta virkjanahugmyndum í orkunýtingar-, bið- og verndarflokka og teljum að það auðveldi yfirsýn, upplýsta ákvarðanatöku og langtíma stefnumörkun við vernd og orkunýtingu landsvæða.

Úr umsögn þrettán náttúruverndarsamtaka um drög að þingsályktunartillögu um rammaáætlun.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR



GUÐMUNDUR INGI GUÐBRANDSSON

betra fyrir framtíðarstefnumótun og fyrir alla aðila. Hins vegar lögðum við til viðamiklar breytingar á öllum flokkum og færðum góð og gild rök fyrir því.“

## Deilur um einstaka kosti

Ekki náðist í umhverfisráðherra við vinnslu þessarar fréttar, en 13. febrúar sagði hún rammaáætlun vera forgangsverkefni hjá sér og Oddnýju G. Harðardóttur, starfandi iðnaðarráðherra. Ekki náðist heldur í Oddnýju í gær.

Málið er á forræði ráðherranna tveggja sem vinna upp úr tillögu starfshópsins og þeim umsögnum sem bárust. Verkefnið er að ná sátt sem hægt er að kynna fyrir ríkisstjórn og síðan þingflokkum stjórnarflokkanna.

Fæðing þeirrar sáttar virðist hins vegar vera erfið. Raunar ætti það kannski ekki að koma á óvart, það að segja í eitt skipti fyrir öll að ákveðin svæði verði virkjuð og önnur vernduð er ekki auðvelt verkefni.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að helst standi styrinn um tvö svæði á hálandinu, Strokköldu og Hágöngur. Þá er

deilt um virkjanir í neðri hluta Þjórsár og einnig að því svæði á Reykjanesinu.

Þá má segja að deilur snúi einnig að því hversu hratt eigi að ganga fram í jarðvarmavirkjun almennt.

## Tíminn líður

Rammaáætlun hefur verið lengi í smíðum og virðist vera á lokametrunum. Hún hefur reyndar verið nokkuð lengi á þeim metr. Samkvæmt þingsköpum verður að leggja fram frumvörp fyrir 1. apríl til að þau verði tekin á dagskrá, ella verður að leita afbrigða.

Ætli stjórnin sér að ljúka þessu máli verður hún hins vegar að ná sátt um það innan eigin raða. Það skyldi þó aldrei verða að það verði umhverfismál sem sprengi þessa stjórn sem farið hefur í gegnum hvert stóra málið á fætur öðru á líftíma sínum? Hver afdrif rammaáætlunar yrðu hjá nýrri ríkisstjórn, kæmi til þess, skal hins vegar ósagt látið.

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



Rio Tinto Alcan



Ágústa ásamt meistara sínum Rúnari Pálssyni

## Til hamingju með framúrskarandi árangur

Við óskum Ágústu Ýri Sveinsdóttur til hamingju með þær viðurkenningar sem hún hlaut á nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, fyrir að hafa náð bestum árangri allra nemenda á sveinsprófi í rafvirkjun síðastliðið sumar.

Ágústa lauk starfsnámi sínu hjá álverinu í Straumsvík undir handleiðslu meistara síns Rúnars Pálssonar en hann hefur starfað hjá álverinu í ríflega 40 ár.

Metnaður Ágústu er okkur öllum hvatning.



Rio Tinto Alcan  
Straumsvík  
Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður  
Sími 560 7000  
www.riotintoalcan.is

## Kostnaður við rammaáætlun\*

1. áfangi	555.362
2. áfangi	454.812
<b>Alls</b>	<b>1.010.174</b>

\*Í þúsundum króna



# GÓÐIR ÍSLENDINGAR

TRYGGJUM ALLAN FERSKAN FISK Á ÍSLENSKA FISKMARKAÐI.

VINNUM BUG Á ATVINNULEYSINU MEÐ FRAMLEIÐSLU AFURÐA Á ÍSLANDI.



STYÐJUM ÍSLENSKA  
MATVÆLAFRAMLEIÐSLU.

TRYGGJUM NÝLIÐUN Í ÍSLENSKA  
FISKVINNSLU SEM OG JAFNA OG  
HEIÐARLEGA SAMKEPPNI.

TÍMI SÉRHAGSMUNAGÆSLU  
STJÓRNVALDA Í SJÁVARÚTVEGI  
Á AÐ VERA AÐ BAKI.

ÍSLENSKIR SJÓMENN EIGA ÞAÐ SKILIÐ  
AÐ NJÓTA JAFNFRÆÐIS  
Í STÖRFUM SÍNUM.

## ALLAN FERSKAN BOLFISK Á ÍSLENSKA FISKMARKAÐI

– JÖFNUM LAUNAKJÖR SJÓMANNA

– ÚT MEÐ VERÐLAGSSTOFU SKIPTAVERÐS.

[www.sfu.is](http://www.sfu.is)





1. Hver er formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis?
2. Hvar sat maður fastur í snjó í bíl sínum matarlaus í tvo mánuði?
3. Konudagurinn markar upphaf nýs mánaðar í norræna tímatalinu, hvað heitir hann?

SVÖR

1. Helgi Hjörvar. 2. Nætti Uméð í Norð-  
mústur-Svíþjóð. 3. Góa.

Krafa Neytendasamtakanna:

## Uppgreiðslu- gjald bannað

**HÚSNÆÐISMÁL** Neytendasamtökin krefjast þess að þeir sem vilja breyta verðtryggðum lánum í óverðtryggð fái að gera það með lágum tilkostnaði. Samtökin leggja til að það verði gert með því að uppgreiðslugjald á neytendalánum verði bannað og að lántókugjald sé innheimt eingöngu í formi fastrar krónutölu til að mæta raunverulegum kostnaði vegna umsýslu lánsins en ekki sem hlutfall af lánsupphæð.

Jafnframt er lagt til að stimpilgjald verði ekki lagt á breytt lán jafnvel þótt breytingar verði á lánsupphæðum og komi laga-breyting til ef nauðsyn er.

- ibs

Mikil fjölgun hjá Strætó:

## Tvöfalt fleiri kaupa á netinu

**SAMGÖNGUR** Tvöfalt fleiri far-  
miðar og strætókort voru seld á  
netinu í janúar en á sama tíma  
í fyrra.

Þá hefur heimsóknun á vef  
Strætó fjölgað um 45 prósent  
eftir að nýtt rauntímakort var  
þar tekið í notkun. Á rauntíma-  
kortinu er staðsetning vagna  
uppfærð á tíu sekúndna fresti  
fyrir tilstilli GPS-búnaðar í  
vögnunum.

Unnið er að nýrri útgáfu af  
leiðarvísni og viðbótum fyrir  
flestar gerðir snjallsíma. Þann-  
ig munu viðskiptavinir Strætó  
geta fylgst með ferðum vagna  
og séð nákvæmlega hvenær  
vagn er væntanlegur.

- þeb

Pútín býr sig undir forsetakosningar með loforðum um að verja náttúruauðlindir:

## Boðar stórfellda vígvæðingu

**RÚSSLAND, AP** Vladímír Pútín, for-  
sætisráðherra Rússlands, lofar því  
að kaupa ógrynninn öll af nýjum  
vopnum fyrir rússneska herinn  
verði hann kosinn forseti landsins  
á ný.

Tæplega hálfur mánuður er til  
forsetakosninga í Rússlandi. Sam-  
kvæmt skoðanakönnunum getur  
Pútín átt von á um það bil 50 pró-  
senta fylgi, en aðrir frambjóðendur  
fá varla meira en tíu prósent hver.

Pútín segir, í dagblaðsgrein  
sem birtist um helgina, að öryggis  
náttúruauðlinda Rússlands sé  
ekki gætt nógu vel. Þess vegna



**PÚTÍN** er spáð um það bil 50% fylgi í  
forsetakosningum eftir hálfan mánuð.

NORDICPHOTOS/AFP

ætla hann að verja 230.000 mill-  
jörðum rúblna, eða nærri 95.000  
milljörðum króna, næstu tíu árin  
til kaupa á meira en 400 langdræg-  
um flugskeytum, meira en 600  
orrustuþotum, tugum kafbáta og  
þúsundum skriðdreka.

„Við megum ekki leiða neinn  
í freistni með veikleika okkar,“  
skrifar Pútín í dagblaðið  
Rossískaja Gazeta.

Áform Bandaríkjamanna um  
að koma upp eldflaugavarnakerfi  
í Evrópu gera það að verkum, að  
mati Pútíns, að öflug vígvæðing  
Rússlands verði enn brýnni. -gb

80,4% atvinnuþáttaka:

## Minna atvinnu- leysi árið 2011

**ATVINNUMÁL** Árið 2011 voru að  
meðaltali 12.700 manns án vinnu  
og í atvinnuleit. Það jafngildir  
7,1 prósent vinnuafslins og er  
nokkur lækun frá árinu 2010,  
þegar 7,6 prósent voru atvinnu-  
laus. Þetta kemur fram í tölum  
Hagstofu Íslands.

Atvinnlausum fækkaði á milli  
ára um 1.000.

Alls voru 180.000 á vinnumark-  
aði árið 2011 og jafngildir það  
80,4 prósent atvinnuþátttöku.  
Fjöldi starfandi var 167.300, eða  
74,7 prósent af vinnuaflinu. -kóp

# Telur frumvarpið of flókið til að setja í þjóðaratkvæði

Nefndarmaður úr stjórnarskránefnd segir frumvarp að stjórnarskrá of flókið til að leggja í þjóðar-  
atkvæðagreiðslu. Vill kjósa um grunnþætti. Ólýðræðislegt og óskynsamlegt sé að kjósa um órædd atriði.

**STJÓRNSÝSLA** Skúli Magnússon,  
dósent við lagadeild HÍ og ritari  
EFTA-dómstólsins, segir stjórn-  
arskráfrumvarp stjórnlagaráðs  
of fjölþætt til að hægt sé að bera  
það í einu lagi undir þjóðina til  
samþykkis eða synjunar. Þarna  
séu einfaldlega of mörg flókin og  
stefnumótandi atriði tekin saman  
á einn stað til að hægt sé að æt-  
last til þess með sanngirnri að þeim  
verði svarað af eða á.

Skúli átti sæti í stjórnlaganefnd  
sem skipuð var 2010 til að undir-  
búa og standa að þjóðfundi um  
stjórnarskrármálefni og setja  
fram hugmyndir um nýja stjórn-  
arskrá, en það var upphafið að því  
ferli sem skilaði stjórnarskrár-  
drögum. Hann og Ágúst Þór  
Árnason, deildarformaður laga-  
deildar Háskólans á Akureyri,  
unnu umsögn um frumvarpið þar  
sem þessari skoðun er komið á  
framfæri.

„Þegar þjóðin hefur staðið  
frammi fyrir tillögum um nýja  
stjórnarskrá áður, hefur málið  
verið heldur einsleitt og spurning-  
arnar afgerandi. Svo er ekki að  
þessu sinni. Núna er alls ekki sjálf-  
gefið í hvaða átt þróa á og breyta  
stjórnarskránni,“ segir Skúli.

Formaður stjórnskipunar- og  
eftirlitsnefndar Alþingis lagði til  
á fundi nefndarinnar á þriðjudag  
að frumvarpið í heild sinni yrði  
borið undir þjóðaratkvæði í sumar,  
ásamt með nokkrum afgerandi  
spurningum.



**STJÓRNLAGAÞING KOSIÐ** Þjóðin kaus fulltrúa á stjórnlagabing í nóvember 2010. Hæstiréttur úrskurðaði kosninguna ólöglega og  
Alþingi skipaði stjórnlagaráð, skipað þeim fulltrúum sem kosningu hlutu. Frumvarp þess á að leggja fyrir þjóðaratkvæði í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Þjóðin hefur beðið nógu lengi

„Ég tel að þjóðin hafi beðið eftir þjóðfundi í 150 ár og nýrri  
stjórnarskrá í 70 ár og það sé nógu löng bið,“ segir Gísli  
Tryggvason lögfræðingur, sem sat í stjórnlagaráði. Hann  
gefur lítið fyrir þá gagnrýni að ræða þurfi frumvarpið frekar  
áður en um það verður kosið.

„Sumir hafa gagnrýnt það að eitthvað sé ekki nógu  
mikið rætt og annað illa rökstutt. Það er þá um að gera  
að nota tímann vel fram að þjóðaratkvæðagreiðslu og  
ræða frumvarpið. Ég minni á að það var þjóðkjör að baki  
stjórnlagaráðsins og allar umræður þar er að finna á netinu, bæði upptökur  
og uppskrifaðar. Það er því hægt að kynna sér allt sem þar fór fram. Við  
komumst að vel ígrundaðri niðurstöðu og samþykktum 25-0 að þetta væri  
góð stjórnarskrá, allavega betri en sú gamla.“



sérstaklega. Það væri hvorki lýð-  
ræðislegt né skynsamlegt að ýta

þessum breytingum í gegn með  
þessum hætti.“ kolbeinn@frettabladid.is

Hærra hlutfall hjá ungmennum sem alast upp hjá erlendum foreldrum en öðrum:

## Telja uppruna frekar skipta máli

**SAMFÉLAGSMÁL** Framhaldsskóla-  
nemar sem eiga foreldra frá öðru  
landi en Íslandi eru líklegri til að  
telja menningu sína og uppruna  
mikilvæga en börn sem eiga bara  
íslenska foreldra.

Þetta er meðal fyrstu niður-  
staðna viðamikillar rannsóknar  
á lífsviðhorfum og lífsgildi un-  
gmenna í fjölmenningsamfélagi.  
Rannsóknin var kynnt á málstofu  
um framhaldsskólarannsóknir í  
síðustu viku.

Um var að ræða fyrstu niður-  
stöður rannsóknarinnar, sem er  
ekki enn lokið. Rannsóknin hefur  
verið lögð fyrir nemendur í fjór-  
um framhaldsskólum en þrír til  
viðbótar taka þátt í henni.

81 prósent ungmenna sagðist  
vera þeirrar skoðunar að men-  
ning og uppruni skipti þau miklu  
máli. Hlutfallið var 89 prósent  
hjá nemendum sem bjuggu hjá  
foreldrum í blandaðri sambúð,  
þar sem annað foreldri kemur frá  
öðru landi, en 79 prósent hjá þeim  
ungmönnum sem bjuggu hjá for-  
eldrum af íslenskum uppruna.

Gunnar J. Gunnarsson, Gunnar  
E. Finnbogason, Hanna Ragnars-



**UNGLINGAR** Rannsóknin hófst haustið 2010 og er til þriggja ára. Niðurstöðurnar nú  
eru aðeins lítið brot af þeim upplýsingum sem óskað er eftir. NORDICPHOTOS/GETTY

dóttir og Halla Jónsdóttir hafa  
unnið að rannsókninni. Hún  
hófst haustið 2010 og er skipu-  
lögð til þriggja ára. Byggt er á

þverfaglegri nálgun mismunandi  
fræða og margar rannsóknar-  
ferðir verða notaðar til að fá sem  
fjölþreyttastar niðurstöður. -þeb

# Hótelrekstur í miðbænum til sölu

50 herbergja gamalgróið hótél á góðum stað í miðbæ  
Reykjavíkur, sem hefur verið í góðum og vaxandi rekstri.

Um er að ræða kaup á rekstri en ekki fasteign  
og möguleikar á stækkun.

Skemmtilegt fyrirtæki með mikla framtíðarmöguleika.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni  
í síma 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

## KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200  
[www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

globalM&A Iceland

Hópur ungmenna í Breiðholti:

## Réðust á mann vegna skuldar

**LÖGREGLUMÁL** Hópur ungmenna réðst á ungan mann fyrir utan verslun við Arnarbakka í Breiðholti í gærkvöldi.

Ungmennin munu hafa haft í hyggju að innheimta skuld vegna fíkniefna af unga manninum sem ráðist var á.

Þegar lögregla kom á staðinn var hópurinn flúinn af vettvangi, en sá sem ráðist var á var fluttur á slyshæild til aðhlyningar. Hann hlaut einhverja áverka en var ekki alvarlega slasaður.

- þeb

Aðeins einu sinni hefur fleiri málum verið vísað til ríkissáttasemjara en árið 2011:

## Annasamt ár hjá ríkissáttasemjara

**KJARAMÁL** Alls 63 kjaradeilum var vísað til ríkissáttasemjara á árinu 2011. Aðeins einu sinni hefur fleiri málum verið vísað til embættisins á einu ári.



MAGNÚS PÉTURSSON

voru fjórar óleystar deilur á borði

67

kjaramálum var vísað til ríkissáttasemjara á síðasta ári.

Þess í upphafi ársins. Því voru alls 67 kjaradeilur teknar til meðferðar hjá ríkissáttasemjara árið 2011.

Í deilunum 67 voru samningar síðar felldir í atkvæðagreiðslu í einungis fimm tilfellum. Deilurnar leystust þó allar síðar á árinu með samþykktum samningi. Stærstum hluta málanna lauk með

samþykktum samningi í fyrstu tilraun eða alls 52 málum. Önnur mál voru leyst með sérstöku samkomulagi, samningum án beinnar aðildar sáttasemjara eða þá að málin voru dregin til baka eða talin ótæk til sáttameðferðar.

Á síðustu tíu árum hefur fjöldi mála sem vísað er til embættisins ekki farið yfir 40 mál utan ársins í fyrri. Árin 2000 og 2001 var hins vegar 44 málum og 53 málum vísað til embættisins. Árið 1997 var aftur á móti hið annasamasta í sögu embættisins en þá var 101 máli vísað til þess.

- mþl



**BÓLUSETT** Þetta indverska barn fékk bóluefni gegn lömunarveiki hjá sjálfbodaliða. Gríðarlegur árangur hefur náðst í baráttunni við sjúkdóminn.

NORDICPHOTOS/AFP



**Í BÓNUS** Neytendur voru blekktir í tengslum við forverðmerkingar á kjötvörum, segir Samkeppniseftirlitið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brutu lög með samráði:

## 80 milljóna sekt er látin standa

**VIÐSKIPTI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismál hefur staðfest ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að sekta Langasjó um 80 milljónir króna.

Langisjór er móðurfélag Síldar og fisks og Matfugls. Samkeppniseftirlitið sektaði fyrirtækið í nóvember vegna ólöglegs samráðs um smásöluverð Bónuss og afslátt frá því. Áfrýjunarnefndin segir brotin varða umfangsmikil viðskipti og að með hliðsjón af heildarveltu Langasjávar telji hún ekki efni til að hrófla við ákvörðun um fjárhæð sektar.

- óká

Framsýn á Húsavík ályktar:

## Stéttarfélag vill göng sem fyrst

**SAMGÖNGUR** Stéttarfélagið Framsýn á Húsavík telur mikilvægt að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hefjist hið fyrsta. Það sé í ljósi þess að fullnægjandi gögn um kostnað og rekstur ganganna liggi fyrir og að framkvæmdin verði fjármögnuð með veggjöldum.

Fram kemur í ályktun frá félaginu að gerð ganganna skipti gríðarlega miklu máli fyrir vegfarendur um þjóðveg 1, þjónustusvæðið við Eyjafjörð og atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsýslum.

Þá gagnrýnir félagið „óvandaðan og órökstuddan málaflutning“ í kringum framkvæmdina.

- sv

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Fjöltengi hafði ofhitnað

Allt tiltækt slökkvilið var sent að Sendibílastöðinni hf. við Klettagarða í gærmorgun vegna reyks. Þegar slökkvilið kom á staðinn var enginn eldur laus heldur hafði fjöltengi ofhitnað svo að rauk úr.

### EFNAHAGSMÁL

#### Byggingarvísitala hækkar

Vísitala byggingarkostnaðar um miðjan febrúar hækkaði um 1,6 prósent frá fyrra mánuði. Verð á innfluttu efni hækkaði um 3,2 prósent, en á innlendu efni um 0,6 prósent. Vinnuliðir hækkuðu um 1,7 prósent vegna samningsbundinna hækkana. Þetta kemur fram hjá Hagstofu Íslands.



# Áhrif flugs á Íslandi

## Morgunverðarfundur á Hilton Reykjavík Nordica, fimmtudaginn 23. febrúar kl. 8:30-9:45.

Hafa flugsamgöngur meiri áhrif á eyríki langt úti í Atlantshafi en ríki á meginlandi Evrópu? Hver eru áhrif flugs á Íslandi? Að undanfögnu hefur hið þekktarannsóknarfyrirtæki **Oxford Economics** unnið að úttekt á efnahagslegum áhrifum flugstarfsemi í 55 löndum um allan heim í samstarfi við **IATA**, Alþjóðasamtök flugfélaga. Nú er skýrslan um Ísland komin út og á fundinum verða athyglisverðar niðurstöður hennar kynntar undir fundarstjórn hinar góðkunnna sjónvarpskonu Þóru Arnórsdóttur.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### Efnahagslegur ábati af flugrekstri á Íslandi

Kynning á niðurstöðum skýrslu Oxford Economics

Julie Perovic, hagfræðingur IATA

### Pallborðsumræður um efni skýrslunnar

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og atvinnumálaráðherra

Pétur K. Maack, flugmálastjóri

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group

Fáið nýjustu upplýsingar um samgöngumál á Íslandi beint í æð.

Vinsamlega skráið þátttöku á [info@saf.is](mailto:info@saf.is). Aðgangur er ókeypis.

ÍSLENSKA/SÍAS/ICE 58354 02/12



Ólafur Ragnar Grímsson þarf að svara skýrt:

## Forseti í feluleik

**F**eluleikur Ólafs Ragnars Grímssonar forseta gagnvart fjölmiðlum, sem biðja um skýr svör um það hvort forsetinn hyggist bjóða sig fram á ný eða ekki, er gagnrýni verður og embætti forsetans sízt til sóma.

Þeim sem hlýddu á áramótaávarp forsetans blandaðist fæstum hugur um að hann hefði tekið ákvörðun um að gefa ekki kost á sér til embættisins á ný í kosningunum næsta sumar. Fljótlega kom þó fram sú kenning, byggð á rýni í texta ræðunnar, að forsetinn hefði skilið eftir þá glufu að gefa kost á sér á ný, fengi hann áskoranir um slíkt. Í framhaldi af þessu var hrundið af stað

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



söfnun undirskrifta undir hvatningu til forsetans um að gefa kost á sér fimmta kjörtímabilið.

Þetta hefur orðið til þess að fjölmiðlar hafa leitað eftir skýrum svörum forsetans um það hvað áramótaávarpið hafi í rauninni þýtt. Og eins gaman og forsetanum getur þótt að vera í fjölmiðlum, bregður nú svo við að hann gefur engin svör og forðast hljóðnema eins og heitan eldinn. Meira en sex vikur eru frá því að áramótaræðan var haldin og enn sitjum við uppi með textaskýringar annarra en Ólafs Ragnars Grímssonar – og óvissu um það hvað hann ætlast fyrir.

Í tilefni af þeirri sérkennilegu stöðu, sem komin var upp með undirskriftasöfnuninni, endurtóku Fréttablaðið og Stöð 2 spurningu úr fyrri skoðanakönnun miðlanna, þar sem spurt var hvort fólki myndi bjóða Ólafur Ragnar ætti að gefa kost á sér á nýjan leik. Niðurstaðan var sú að rúmur meirihluti, ívið fleiri en fyrir áramót, telja að forsetinn eigi að gefa kost á sér á ný. Þetta er þó miklu minni stuðningur en forseti, sem hefði setið á friðarstóli og rækt skyldur sínar sem sameiningartákn, myndi fá og svigrúmið fyrir öflugan mótframbjóðanda augljóslega talsvert. Gangurinn í undirskriftasöfnuninni hlýtur líka að hafa valdið forsvarsmönnum hennar vonbrigðum.

Staðreyndin er sú, að fullt tilefni gæti verið til þess að trúverðugur mótframbjóðandi skoraði Ólaf Ragnar Grímsson á hölm í kosningunum í sumar – ef hann gefur kost á sér áfram. Annars vegar hefur hann þróað forsetaembættið með umdeilanlegum hætti, ekki sízt með beitingu málskotsréttarins og pólitískum yfirlýsingum sem gengið hafa þvert á stefnu stjórnvalda. Hins vegar orka ýmis ummæli hans og gjörðir í aðdraganda hrunsins tvímælis, eins og rakið var í rannsóknarskýrslu Alþingis.

Með því að viðhalda óvissunni um áform sín spillir forsetinn hins vegar fyrir hugsanlegum mótframbjóðendum. Það verður að sjálfsögðu að vera klárt hvað hann ætlar að gera, áður en aðrir fara að tilkynna framboð.

Þessi framkoma forsetans er ekki aðeins ókurteisi við þjóðina, eins og Róbert Marshall alþingismaður orðaði það um helgina. Þetta er pólitísk refsakák af því tagi sem stjórnmalamaðurinn Ólafur Ragnar Grímsson hefði verið fullsæmdur af, en sómir ekki embætti forseta Íslands.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Af eða á

Fá mál hafa komið fram jafn sérkennileg að undanförmu og meint uppsögn Gunnars P. Andersen. Það virðist dagamunur á því hvort Gunnari hafi verið sagt upp eða ekki og hvert nýtt viðtal við Aðalstein Leifsson, stjórnarformann FME, gerir ekkert annað en að flækja málið. Gunnari var gefinn einn virkur dagur til að svara greinargerð um eigið hæfi, þar sem hæfi hans var eiginlega ekki dregið í efa, en samt og þó, það var matskennt, en samt mun enginn standast matið, en hann á að fara, eða nei, það er ekki búið að ákveða



það, en komdu samt með andmælin þín, því við ætlum að láta þig fara.

#### Fagmennska fyrirmunuð?

Þetta vekur upp þær spurningar hvort íslenski stjórnsýslu sé fyrirmunuð að sýna fagmennsku. Er virkilega ekki hægt að láta forstöðumann ríkisstofnunar vita að starfskrafta hans sé ekki óskáð lengur á einhvern einfaldari hátt? Eða bæjarstjóra í Kópavogi? Eða tilvonandi forstjóra Bankasýslunnar? Það liggur við að það sé hending ef mannbreytingar hjá ríkinu enda ekki í eintómu klúðri.



#### Rök og víglínur

Umsagnir um frumvarp um skattfrelsi IPA-styrkja ESB hér á landi komu úr ólíkum áttum og með misjöfnum rökum. Félag endurskoðenda fór ítarlega yfir hugsanleg neikvæð áhrif sem lögin gætu haft á samkeppnisstöðu innlendra aðila, varðandi IPA-verkefni, vegna ýmiss konar gjalda og skatta. Bændasamtökin og LIU eru alfarið mótfallin frumvarpinu, en rök þeirra eru alveg óháð sköttum eða skattfrelsi. Styrkir felji í sér „óeðlilega“ og „óásættanlega“ aðlögun. Það er sennilega langt þangað til Brussel gerir bændum og útvegsmönnum til hæfis.

kolbeinn@frettabladid.is, thorgils@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Lífeyriskerfið þarf að endurmeta

### Lífeyris-sjóðir



Ögmundur Jónasson  
innanríkisráðgjafi

Róttækrar hugsunar er þörf til að endurskipuleggja lífeyriskerfi landsmanna. Í ljósi reynslunnar þarf að endurskoða alla stefnumótun og lagaumgjörð. Fólki mislíkar að fjármunir þess séu háðir duttlungum markaðar í þeim mæli sem nú er, en ekki nýttir til markvissrar uppbyggingar á innviðum samfélagsins eins og gert var í meiri mæli fyrir á tíð.

Þá er augljóst að lífeyris-sjóðakerfið í núverandi mynd er orðið of stórt fyrir íslenska hagkerfið. Lífeyrissjóðirnir fjárfesta fyrir um 120 milljarða á ári. Helminginn mega þeir fara með úr landi, svo framrlega sem gjaldeyrisforðinn leyfir. Hinn helminginn verða þeir að fjárfesta hér heima. Það geta þeir gert hjá ríki og sveitarfélögum, sem að mínum dómi er heppilegasti kosturinn. En eftirspurn opinberra aðila eru takmörk sett og má hugsa sér að hluti þess fjármagns sem fólk leggur til lífeyris, og byggir á sjóðsmyndun, fari til fjárfestinga í atvinnulífínu.

Ég tel hins vegar að blandan í okkar lífeyriskerfinu þurfi að breytast hvað varðar ráðstöfun iðgjalda og aðra fjármögnun á kerfinu. Að mínu mati þarf að minnka hina markaðsvæddu sjóðsmyndun. Ég tel að falla eigi frá fyrri áformum um að draga markvisst úr vægi almannatrygginga í lífeyriskerfinu. Almannatryggingar mætti fjármagna að hluta til með iðgjöldum sem rynnu til Almannatrygginga en einnig með skattfé. Drýgstur hluti þess fjár gæti komið úr nýjum Auðlindasjóði sem um er rætt að setja á laggirnar.

En svo að það sé sagt alveg skýrt: Nýtt kerfi á ekki að byggja á afturvirkri skerðingu fyrri kerfa. Um þau samdi fólk og verður að geta gengið að þeim rétti vísunum sem það iðulega fórnaði kauphækkunum til að öðlast. Það breytir því ekki að lífeyriskerfin verða að koma til endurskoðunar inn í framtíðina og ber að fagna þeirri umræðu sem nú er hafin í þessa veru.



Ég tel að falla eigi frá fyrri áformum um að draga markvisst úr vægi almannatrygginga í lífeyriskerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

20% afsláttur af öllum Vitabiotics vítamínunum í febrúar

health, vitality & wellbeing

Micronutrients Evening Primrose & Starflower Oils

Lyf & heilsa við hústun!





Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

KRÓNA AFSLÁTT

AUKAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.



HVERNIG VÆRI AD HALDA  
ATLANT SOLIUDAGINN  
HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á [WWW.ATLANTSOLIA.IS](http://WWW.ATLANTSOLIA.IS)

LENGI LIFI  
SAMKEPPNI



Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru olíufélögnum samkeppni.  
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið  
keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



MÁLINGARVÖRUR

kemi



GÚMMIVINNSLAN







# 2000 ÞAKKIR

## OG TILBOÐIN HALDA ÁFRAM HJÁ OKKUR!



### FRÁBÆR HELGI AÐ BAKI

Við þökkum þeim nánast 2000 gestum fyrir komuna sem lögðu leið sína til okkar um helgina, fögnuðu nýju nafni með okkur og nýttu sér vegleg tilboð. Um leið minnum við á að öll tilboð eru í fullu gildi áfram. Verið ávallt velkomin!



**5** ÁRA  
ÁBYRGÐ  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



**5** ÁRA  
ÁBYRGÐ  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



Þjódum græn bílalan ERGO til kaupa á umhverfshæfum bílum.



### TAKA FERSKIR Á MÓTI ÞÉR!

Sölumenn okkar eru í skjúnunum með helgina. Þeir gleyma aldrei andliti og taka vel á móti ykkur þegar þið litið inn í kaffi, spjall og reynsluakstur.







**Sólarljós** er mesti skaðvaldurinn þegar kemur að hrukkumyndun en húðlæknar áætla að allt að 90 prósent þeirra húðbreytinga sem fólk telur að séu vegna öldrunar séu í raun tilkomnar vegna skemmda af völdum sólarljóss.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir [brynjadan@365.is](mailto:brynjadan@365.is) 512 5465 Snorri Snorrason [snorris@365.is](mailto:snorris@365.is) 512 5457

## STÓR FLOTTUR



*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Þú mætir - við mælum og aðstoðum  
[www.misty.is](http://www.misty.is)  
Opíð frá 10-18 virka daga.  
10-14 laugardaga

Vertu vinur

teg MAGGIE - með sérstaklega gott hald fyrir þung brjóst, fæst frá 36-42 í skálum E,FF,G,GG,H,HH,JJ á kr. 10.985,- glæsilegar buxur frá M-4xl á kr. 4.750,-



## Sundfatnaður - ný sending komin

Opíð kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • [eirberg.is](http://eirberg.is)



Einkaþjálfarinn Kristbjörg Jónasdóttir keppir á WBFF-heimsmeistaramóti í Bikini Fitness í Kanada í ágúst.

## Kvenleikinn uppmálaður

**B**ikini Fitness snýst um stæltan en ofur kvenlegan vöxt, þannig að fegurð kvenlíkamans fái notið sín til hins ítrasta," segir Kristbjörg þar sem hún ræktar sinn eigin kropp og annarra í Laugum.

Fram undan er WBFF-heimsmeistaramót í Tórontó í ágúst þar sem Kristbjörg keppir í fyrsta sinn við atvinnumenn í Bikini Fitness.

„Það verður mjög spennandi, en ég þurfti lítið að hafa fyrir atvinnumannakortinu," segir hún hlæjandi og vísar til þess þegar Paul Dillet, heimsfrægur vaxtarræktarmaður og stofnandi World Bodybuilding and Fitness Federation (WBFF) sá hana í ræktinni þegar hann kom til Íslands í vetur.

„Þá leist honum svona ljómandi vel á mig að hann vatt sér upp að mér í tækjasalnum og bauð mér atvinnumannakort á staðnum," segir hún brosmild.

Kristbjörg fékk ung áhuga á hreysti og hreyfingu. Hún æfði fótbolta á Álftanesi frá níu ára aldri, en fór að halla sér meira að líkamsrækt í tækjasal þegar nálgadist tvítugt.

„Mér fannst strax gaman að rækta líkamann með lóðum en smitaðist af fitness-bakteríunni þegar besta vinkona mín keppti í fitness vorið 2010," segir Kristbjörg sem mætti sjálf til keppni um haustið sama ár og lenti í öðru sæti á bikarmóti IFBB.

En hvað kostar að komast í svo glæsilegt bikiniform?

„Miklar æfingar og hollt mataræði. Fitness er lífsstíll sem útheimtir mikinn sjálf-saga og viljastyrk, og getur verið mjög erfiður andlega og líkamlega. Ég æfi sex til tólf sinnum í viku og hef einn hvíldar- og nammi-dag, en borða hina dagana hollan kost sex sinnum á dag. Þá passa ég vel upp á skammtastærðir og hef vanið mig á að borða hægt og rólega," upplýsir Kristbjörg sem á næstu dögum opnar sína eigin fjarþjálfunarsíðu.

Hún segir sjálfstraust sitt hafa aukist í takt við æ betra líkamsform og því fylgi mikil vellíðan.

„Jú, jú, auðvitað er maður öruggur með sig á bikini á sundlaugarbakkanum, en ég velti því minna fyrir mér eftir að fitness varð lífsstíll. Nú finnst mér ekkert eðlilegra en að vera í finu formi, þótt ég sé alls ekki í keppnisformi allan ársins hring. Slíkt er beinlínis óhollt því þá getur maður ekki leyft sér neitt og það verður leiðinlegt til lengdar. Líkamsrækt verður einfaldlega að vera skemmtileg."

[thordis@frettabladid.is](mailto:thordis@frettabladid.is)



**Boston**  
leður  
svart, hvítt st. 35-48  
rautt st. 36-42  
blátt st. 36-47

**praxis**  
... þegar þú vilt þægindi

**Roma**  
Rúskinn  
lj,blátt d.blátt  
36-42

**Monako**  
leður  
svart, hvítt  
rúskinn og  
microfib.  
st. 36-46

**Paris**  
leður  
svart, hvítt,  
blátt  
m/microfib og  
rúskinnsóla  
st. 36-42

**Verona**  
svart, hvítt  
st. 36-41

**Bari**  
leður  
rautt, sand, blátt  
st. 36-42

Boníto ehf. • Praxis  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • [www.friendtex.is](http://www.friendtex.is) • [soo.dk](http://soo.dk)  
Opíð mán. - fös. kl. 11-17. Lau. 11-14



Nýtt  
**20%  
afsláttur**

## Lífræn ofurfæða frá Naturya

Ofurfæða er það sem allir eru að tala um þessa dagana enda er hún einstaklega rík af **andoxunarefnum**, **vítamínum** og **steinefnum**. Fólk hefur notað **ofurfæðu** frá örófi alda til að viðhalda hraustleika og heilsu.

Tilvalið í þeytinginn,  
grautinn og baksturinn.

**LIFANDI**  
MARKAÐUR

[www.lifandimarkadur.is](http://www.lifandimarkadur.is)

Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg

# Heilsuhótelíð orkugjöf fyrir alla

Bjarni Óskarsson, eigandi Nings, hefur notfært sér Heilsuhótelíð í Reykjanesbæ. Hann segir það allra meina bót og einstaklega gott að byrja nýtt ár með tveggja vikna dvöl á hótelinu. Þá drekkur Bjarni hveitigrassafa á hverjum degi og stendur fyrir kynningum á hveitigrasi á Heilsuhótelinu.

Á Heilsuhótelíð er mjög gott að koma til að ná kröftum og hvíla sig. Þar er virkilega góður andi sem ég get mælt með fyrir alla. Andrúmsloftið er notalegt og mjög gott að byrja árið á því að fara í tveggja vikna dvöl,“ segir Bjarni Óskarsson, eigandi Nings. Hann gerir þó fleira en njóta þjónustu Heilsuhótelsins en hann kynnir notkun hveitigrass og fræðir gesti um ýmsa hollustu. Sjálfur drekkur hann hveitigrassafa á hverjum degi og segir hann allra meina bót.

„Hveitigrasið hefur mikinn lækningamátt. Það er fyrirbyggjandi gagnvart ýmsum kvillum og sjálfur finn ég mikinn mun á mér eftir að ég fór að drekka hveitigrassafa reglulega. Líkaminn tekur upp súrefnið í blaðgrænni og gefur innra súrefni í frumurnar. Hann er einfaldlega allra meina bót,“ segir Bjarni.

Hveitigras er ræktað upp af fræinu sem verður eftir þegar hveitið er þreskt (fræi hveiti plöntunnar). Fræið er látið liggja í bleyti yfir nótt og svo sáð í mold. Við góð skilyrði vex það upp á þremur til fjórum sólarhringum. Þegar grasið hefur náð tíu sentimetra hæð er það klippt. Grasið hentar þó ekki til átu.

„Það nást engin næringarefni úr hveitigrasi með því að tyggja það beint enda er það mjög hart og stíft og getur verið beinlínis varasamt fyrir meltinguna,“ útskýrir Bjarni. „Það verður að pressa úr því safann í sérstakri hveitigraspressu. Safann er einnig hægt að nota útvortis, bera hann á andlit en þá þarf að varast sólarljós meðan grasið er á andlitinu,“ segir Bjarni.

Heilsuhótelíð sækir ólíkur hópur fólks. Margir koma aftur og aftur. Þá hefur erlendum gestum fjölgað, aðallega frá Norðurlöndunum og eru þar Færeyingar, Norðmenn og Danir fjölmennastir.

Stefnt er á að bjóða upp íslenskt hráefni og einnig lífrænt í auknum mæli á Heilsuhótelinu og hefur Bjarni tekið þátt í þeirri uppbyggingu. „Auðvitað er ekki allt grænmeti alltaf fáanlegt á Íslandi. Svo ég fór ásamt starfsfólki Heilsuhótelsins og heimsótti garðyrkjubændur, meðal annars á Akri og á Engi með samstarf í huga



Bjarni Óskarsson, eigandi Nings, hefur góða reynslu af Heilsuhótelinu og drekkur hveitigrassafa sér til heilsubótar.

MYNDVALLI

**„Hveitigras hefur mikinn lækningamátt. Það er fyrirbyggjandi gagnvart ýmsum kvillum og sjálfur finn ég mikinn mun á mér eftir að ég fór að drekka hveitigrassafa reglulega.“**

enda skipta gæði hráefnis miklu máli þegar fólk borðar eingöngu grænmeti, súpur, safa og ávexti,“ útskýrir Bjarni.

„Við það að borða þetta fæði í viku til hálfan mánuð verður fólk svolítið orkulaust meðan á því stendur, en það er svo skrítið að maður finnur ekki fyrir svengd. Þetta er svo einfalt þegar fólk er í

þessu saman. Svo fyllist maður krafti þegar maður er búinn. Líkaminn fer að lækna sig sjálfur innan frá við þetta. Það er alveg ótrúlegt hvernig alls konar kvillar hafa læknað hjá fólki við dvöl á hóteinu. Ég kannast sjálfur við það. Þarna eru engar freistingar og ekkert sem truflar. Það er gott að fara út úr hversdagslegri rútínu og eitt-

hvert þar sem maður er varinn fyrir sjálfum sér,“ segir Bjarni glettinn. En hvað tekur þá við eftir dvölinni?

„Þá fer maður bara beint á Nings,“ segir Bjarni og hlær en bætir svo við að gestir hótelsins fái bæði leiðsögn og kennslu um framhaldið. „Á hótelið koma margir fyrirlesarar sem kenna hvað á að gera þegar dvölinni lýkur. Ásdís Ragna grasalæknir fjallar um meðferðina, Dr. Haukur Ingi Jónasson hefur fjallað um heilsu út frá huglægum þáttum auk fjölda annarra fyrirlesara. Þá hef ég sjálfur verið að miðla fróðleik um hveitigrasið. Þá hef ég líka kynnt önnur heilsu spa sem ég hef

heimsótt erlendis meðal annars í Taílandi, Póllandi og Púerto Ríkó. Í samanburði finnst mér Heilsuhótelíð standa sig virkilega vel. Það er líka þægilegt að geta verið með bílinn og skjótast í sund til Keflavíkur,“ útskýrir Bjarni en segir ekkert um að gestir stingi af? „Mín helsta synd hefur verið að kaupa mér epli í Nettó,“ segir hann og hlær.

„Þarna eru allir á sömu forsendum og gestir njóta stuðnings af hver öðrum. Svo kynnist fólk á allt annan hátt og miklu dýpra en annars á svona stað. Þarna verða til vináttusambönd sem endast löngu eftir að dvölinni lýkur.“

## HEILSUSAMLEG SAMVINNA NOREGUR – ÍSLAND

Heilsuhótel Íslands og Tunsberg Medisinske Skole hafa gert með sér samkomulag um starfsþjálfun útskriftarnemenda skólans en hann er stærsti einkarekni skóli á sviði heilsu og næringar í Noregi. Alls koma 28 nemendur frá skólanum á Heilsuhótelíð á árinu 2012 en þeir eru að ljúka 5 ára námi á sviði næringar og ráðgjafar.

Norsku nemendurnir munu veita gestum ráðgjöf og koma með ábendingar sem munu nýtast gestum hótelsins og auka fræðilega þekkingu gesta. Þá munu nemendur taka þátt í starfi hótelsins meðal annars með auknu kynningar- og markaðsstarfi Heilsuhótels Íslands í Noregi á komandi árum. Fyrsti hópurinn er væntanlegur í mars og síðan kemur nýr hópur mánaðarlega allt árið.



## Heilsuhótel Íslands - næstu námskeið

### Heilsunámskeið (detox) tvær vikur

2.-16. mars örfá pláss laus  
30. mars-9. apríl uppselt  
4.-18. maí  
1.-15. júní

Munið að panta tímanlega

### Heilsuhelgi – skóli lífsins

16.-18. mars uppselt  
18.-20. maí  
Tilboðsverð, 2 fyrir 1, 45.000 helgin.

Fæði, hreyfing og fræðsla innifalin Slökun og skemmtilegur tími.

### Hættum að reykja

Helgarnámskeið 23.-25. mars

### Fyrir krakka

18.-22. júní, mánudag–föstudag  
Töfrar og framsögn 9-14 ára.  
Skráning stendur yfir.



Starfsfólk Heilsuhótels Ísland býður gesti velkomna.

### Sumarið 2012 – opnir dagar

Frá 22. júní-27. ágúst 2012.  
Val um 3, 4, eða 7, 14 daga.  
Aðgengi að Heilsulind. Bláa lónið.  
Hollt og gott fæði, fræðsla og hreyfing.  
Spennandi og uppbyggilegur valkostur fyrir alla.  
Kynnist þessu einstaka hóteli.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

www.heilsuhotel.is  
heilsa@heilsuhotel.is  
Sími 5128040

# KASSAKERFI

## & SJÓÐSVÉLAR

**Kynningarblað** Bókhaldskerfi, birgðakerfi, vefverslunarkerfi, hugbúnaður, fjarvöktun á sölukerfum.

## Traustar lausnir fyrir fyrirtæki og sveitarfélög

Merkurpoint hefur á undanförunum árum boðið MerkurPOS afgreiðslukerfi- og rekstrarhugbúnað fyrir fyrirtæki og sveitarfélög. MerkurPOS er einfalt í notkun og tryggir mikla hagræðingu og þægindi í hvers kyns rekstri.

**M**erkurPOS afgreiðslukerfi og rekstrarhugbúnaður samanstendur af afgreiðsluhugbúnaði fyrir verslanir, ferðaþjónustu, sundlaugar og líkamsræktarstöðvar, snyrti- og hárgreiðslustofur, verkstæði, veitingahús ásamt fleiri hugbúnaðarlausnum. MerkurPOS afgreiðsluhugbúnað á má finna í mörgum sveitarfélögum og fyrirtækjum.

### Íslenskt kassakerfi MerkurPOS

MerkurPOS er íslenskur hugbúnaður sem byggir á þörfum íslenskra notenda. „Hugbúnaðurinn hefur verið á markaði í yfir áratug og því kominn með góða reynslu og stöðugleika í notkun,“ útskýrir Guðmundur G. Kristinsson sölu- og markaðsstjóri Merkurpoint. „Í fyrstu var boðið upp á staðlað og einfalt afgreiðslukerfi sem sameinar notendavænt viðmót, hraðvirkt sölukerfi og stútfullan pakka af ýmsum stjórnumartólum.“

### Auðvelt að læra á MerkurPOS

Að sögn Guðmundar er MerkurPOS-afgreiðslukerfið auðvelt í notkun það tekur enga stund að læra á það. „Við erum hvað stoltust af því hversu notendavænt kerfið okkar er, það tekur örskamma stund að stofna vörur og viðskiptamenn og öll vinnsla er gerð eins einföld og hægt er. Áherslan hjá okkur hefur alltaf verið á að gera frábært kassakerfi og helsti kosturinn við að vera með sjálfstætt kassakerfi frekar en bókhaldskerfi með ábyggðu kassakerfi er sá að maður sleppur við að eiga við allar flóknar stillingarnar sem oft tilheyra bókhaldskerfum.“

Kerfið er þannig straumlínulagað til að vinna flókin verkefni á sem einfaldastan hátt. „Öll nauðsynleg rafræn viðskipti eru fyrir hendi, sem og tenging við þjónustuaðila POSA. Kerfið er einnig hægt að tengja við flest bókhaldskerfi, eins og Tok, Tok+, Axapta, Navision, Fjölmi og fleiri,“ útskýrir Guðmundur.“

### Fullkomin sölugreining

„Okkar kerfi er hannað með nýjustu tækni í huga þannig má alltaf hafa yfirsýn og aðgang að þínum gögnum í gegnum fartölvu, spjaldtölvuna, snjallsímann eða hvar sem þú ert nettengdur. Þannig höfum við vissa sérstöðu því að aðgangur að gögnum og mjög fullkomin sölugreining fæst í gegnum heimasíðu. Á henni má sjá tekjuflæði, fjölda viðskiptavina, meðalsölu á viðskiptavin, meðalfjöldu vöru-



Guðmundur Kristinsson er sölu- og markaðsstjóri Merkurpoint sem undanfarinn áratug hefur boðið MerkurPOS og IBM-afgreiðslulausnir og rekstrarhugbúnað fyrir fyrirtæki og sveitarfélög. MYND/GVA

eininga á viðskiptavin, heildarsölu á söluaðila, skiptingu á greiðsluformi og hvaða vara selst mest, hvaða vara skilar mestri framlegð og hvaða vara er ekki að hreyfast. Það hjálpar þeim sem reka fyrirtæki að skipuleggja birgðahald, sjá vöru og viðskiptaflæði og þannig auka hagnað í rekstri.“ Með þessari tækni tryggjum við líka afritatöku af gögnum viðskiptavina.

### Rekstrarbúnaðarlausnir fyrir flestar atvinnugreinar

Á liðnum árum hefur MerkurPOS þróað fjölmörg viðbótarkerfi fyrir daglegan rekstur. „Þar má nefna reikninga-, innheimtu-, tilboðs- og verkefnastjórnunarkerfi, sérhæfðan hugbúnað fyrir ferðaþjónustu og aðgangskerfi fyrir sundlaugar,“ segir Guðmundur.

„Með árunum hefur þróast gott samstarf við fyrirtækið Maritech sem er með NAV-bókhaldskerfi og fjölda sérlausna fyrir stærri fyrirtæki og sveitarfélög. Merkurpoint og Maritech hafa í mörg ár starfað saman með samtengdan bókhalds- og afgreiðsluhugbúnað í fyrirtækjum og sveitarfélögum.“

### Reikningar gerðir og sendir í heimabanka


Um mánaðarmót er hægt að taka saman sölu í

reikning hjá viðskiptavinum, prenta út reikninga og búa til innheimtuskrá til að senda í innheimtuumhverfi hjá viðskiptabanka. Síðan er hægt að bóka innborganir á viðskiptamenn og þannig hægt að fylgjast með greiðslustöðu viðskiptamanna frá mánuði til mánaðar og senda þeim viðskiptayfirlit.

### MerkurPOS á IBM-tölvum er fullkomin lausn

Guðmundur upplýsir að undanfarin ár hafi Merkurpoint selt mest af IBM-afgreiðslutölvum frá Nýherja.

„Í veitingarekstri er oft álag og krafa um vandaðan tölvubúnað sem þolir mikið álag og endist lengi. Merkurpoint hefur lengi mælt með IBM-tölvum í það rekstrarumhverfi og byggir á áralangri reynslu af notkun afgreiðslutölvu í kröfuhörðu umhverfi. Mörg sveitarfélög horfa einnig fram í tímann og fjárfesta í tölvubúnaði með endingu og gæði í huga. Því kaupa þeir IBM-afgreiðslutölvur og jaðarbúnað fyrir hugbúnað frá Merkurpoint og Maritech. Mest hefur selst af IBM Surepose E26 afgreiðslutölvu og er meirihluti viðskiptavina Merkurpoint síðustu árin að kaupa þessa frábæru tölvu,“ segir Guðmundur.



### MerkurPOS afgreiðslukerfið

#### Söluviðmót

Söluviðmótið í MerkurPOS er mjög notendavænt og auðvelt að læra að nota. Þar eru allar helstu aðgerðir s.s. flýttakkar, vöruupplættingar, viðskiptamannaskrá, afslættir og fleira. Í kerfinu eru erlendir gjaldmiðlar og Tax Free tengingar.

#### Viðskiptamannabókhald

Öflugt viðskiptamannabókhald heldur utan um allar sölu sem skráðar eru á viðskiptavini. MerkurPOS gefur þér möguleika til að setja sölu í reikning og halda utan um skuldastöðu einstakra viðskiptavina. Þú getur haldið utanum getur séð viðskiptasögu viðskiptavina.

#### Birgðabókhald

Birgðabókhaldið er öflugt og með einfalt og þægilegt viðmót. Í því er hægt að skrá flestar upplýsingar sem við eiga s.s. lýsingu á vöru, innkaupsverð, kostnaðarverð, heildsöluverð, smásöluverð, lagerstöðu og staðsetningar, læsta afslætti og margt fleira. Í birgðabókhaldinu er mjög öflugt vöruflokkakerfi til að auðvelda leit og greiningu á vörureytingum.

#### Bakvinnsla

Í bakvinnslukerfinu er að finna aðgerðir sem snúa að skipulagningu og umsýslu verslunarumhverfis. Starfsmannaskrá, viðskiptamannabókhald, birgðabókhald, innflutning gagna frá öðrum birgðakerfum, birgðahreyfingar, uppgjör- og bókunarböð, söluyfirlit og fleira.



**IBM E26 Pos ready**  
Infrarauður snertiskjár. Frábær upplausn, glampafrír skjár, góð myndgæði, færri villur í snertingum og innslætti,

hægt að nota: fingur, penna, kreditkort, fingravettlinga og fleira. Þarf ekki að stilla skjáinn (Calibration). Sleutu og rykvörn (prófaður við erfiðustu aðstæður) Surepos 500 kerfið er hannað til að endast! Örgjörvi: 2.2 GHZ Dual Core Intel Celeron (400MHz FSB) Harður diskur : 160 GB SATA2 HDD/Optional SSD Vinnsluminni : 2 GB DDR2

**BM Anyplace Kiosk,**  
15" infrarauður snertiskjár á vegg eða borð. Frábær upplausn, glampafrír skjár, góð myndgæði, færri villur í snertingum og innslætti, hægt að nota: fingur, penna, kreditkort, fingravettlinga og fleira.

Þarf ekki að stilla skjáinn (Calibration). Sleutu og rykvörn (prófaður við erfiðustu aðstæður) Kiosk kerfið er hannað til að endast! Örgjörvi : 2.0 GHZ Dual Core Intel Celeron Harður diskur : 80 GB SATA2 HDD/Optional SSD Vinnsluminni : 2GB

## MerkurPOS afgreiðslu- og rekstrarhugbúnaður

- sölu/kassakerfi með bakvinnslu
- birgðaskrá og vörupantanir
- viðskiptamannabókhald
- reikningagerð til viðskiptavina
- kröfuskra fyrir heimabanka
- yfirlit yfir innborganir
- myndræn rekstrargreining
- mánaðaruppgjör til bókana



Sími 5682700



Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur  
Sími 568 2700 - www.merkurpoint.is

# Fjarvöktun lengir líftímann

Nýherji býður fjarvöktun á sölukerfum. Þannig er hægt að fylgjast með öllum kerfum allan sólarhringinn og jafnvel sjá bilanir fyrir. Slík lausn felur í sér lægri rafmagnsnotkun viðskiptavinarins og lengir líftíma búnaðar.

Nýherji fer með umboð fjölda þekktra vörumerkja og þar á meðal IBM. IBM er okkar stærsti birgi þegar kemur að sölukerfum og þá er einnig töluvert til af hugbúnaðarkerfum frá IBM í verslunargeiranum," segir Sigurjón Hjaltason, vörustjóri hjá Nýherja.

Markaðshlutdeild IBM er yfir fjórðungur á heimsvísu í sölu afgreiðslukerfa eða sama og þrjú næstu fyrirtæki samanlagt. Sigurjón segir viðskiptavinum Nýherja þekkja gæði og endingu IBM.

„Icelandair á Keflavíkurflugvelli endurnýjaði sölukerfi sitt til að mynda eftir tíu ára notkun og valdi áfram IBM. Þar var sett upp tveggja skjáa kerfi með aukaskjá sem keyrir auglýsingaefni við hliðina á strimlinum þegar viðskiptavinurinn verslar. Þar geta komið fram ýmis tilboð eða tilkynningar, rétt á meðan hann kaupir sér samloku og drykk," segir Sigurjón.

Meðal nýrra viðskiptavina Nýherja er verslunin Lindex. Opnun verslunarinnar var eftirminnleg en hleypa þurfti viskiptavinum inn í hollum dag eftir dag. Álagið á kassakerfið var gífurlegt og segir Sigurjón það hafa verið prófaun á vél- og hugbúnaðarkerfið. „Í gegnum einn afgreiðslukassa hjá Lindex fór meira magn en í stórrí verslun

í Ósló samanlagt. Kerfið virkaði hundrad prósent. Þetta er mjög gott dæmi um það hversu vel IBM-kerfin standa sig," segir Sigurjón.

## Fjarvöktun á kerfum

Þei verslunareigendur sem reka fleiri en eina verslun, jafnvel um allt land, býður Nýherji upp á fjarvöktun á sölukerfum. Hægt er að fylgjast með kerfum allan sólarhringinn og jafnvel sjá bilanir fyrir.

„Við getum séð hvort eitthvað er farið að hegða sér óeðlilega og hvort bilun er yfirvofandi. Þá er einnig hægt að setja kerfin í deepsleep á nóttunni en þá eyða þau einungis þremur vöttum af rafmagni. Þannig má bæði minnka rafmagnsnotkun viðskiptavinarins og lengja líftíma tækja," segir Sigurjón.

## Próun í verslunarmhverfi

Sigurjón segir talsverðar breytingar í vöndum á öllu verslunarmhverfi þar sem þráðlausar lausnir í afgreiðslu skipi alltaf stærri og stærri sess. Verslunarkerfin séu meðal annars að færast yfir í snjallsíma. „Þá er hægt að setja snjallsíma í sérstakt hulstur frá Ingenico og forrita hann sem afgreiðslukerfi," útskýrir Sigurjón. „Hægt er að skanna inn strikamerki, taka við greiðslu og senda kvittun með tölvupósti eða

prenta hana út á staðnum. Nýherji er umboðsaðili Ingenico og mun bjóða þessi hulstur mjög fljótlega hér á landi.“

## Haldið utan um viðskiptavin

Með breyttu verslunarmhverfi segir Sigurjón verslunareigendur fá fleiri snertifleti á viðskiptavini sína. Samskipti fara fram gegnum vefmiðla og þá spili tryggð og gjafakort einnig stórt hlutverk. Reikna megi með að þessi þróun verði einnig hér á landi á næstu árum.

„Í heildina séð eru að verða töluverðar breytingar á verslun. Í Bandaríkjunum er til dæmis aukning í gjafakortasölu og einnig er verið að sameina öll gjafakortin inn í snjallsíma. Þegar viðskiptavinurinn gengur inn í verslun „veit“ verslunin að viðskiptavinurinn er kominn og sendir á hann tilboð í símann. Ofan á þetta bætist að nú eru komnar fram rafrænar „buddur“, Google wallet og Paypal purse. Þá er einnig hægt að greiða fyrir vöru með snjallsímanum. Nýherji er með öflug vörumerki til að styðja okkar viðskiptavini í að vera fremstir í þjónustu. Þá eigum við frábært samstarf við íslensku hugbúnaðarhúsin sem eru að hanna allt það nýjasta sem er að gerast.“



Sigurjón Hjaltason vörustjóri segir Nýherja fylgjast vel með breytingum á verslunarmhverfi. MYND/GVA

# HUGSAÐU INN FYRIR KASSANN

IBM er brautryðjandi í framleiðslu kassakerfa. Þau byggja á rúmlega 40 ára reynslu, hugviti og gæðum. Íslenskir notendur treysta eiginleikum þeirra, enda eru þau áreiðanleg og þekkt fyrir lága bilanatíðni.

## PRÓTTMIKILL STARFSKRAFTUR

### IBM 4852-E66

IBM kassakerfi og 15" snertiskjár (innrauð tækni) með kortalesara og viðskiptamannaskjá. Nemur fingur, penna, kort, ofl. Örgjörvi: 2.2 GHZ Intel Celeron® Vinnsluminni: 1GB. Harður diskur: 160GB.



## DUGLEGUR AFGREIÐSLUJARKUR

### IBM Anyplace Kiosk 33E

Snertiskjár á vegg eða borð. Hentar einnig sem kassakerfi. Örgjörvi: 2.0 GHZ Intel Celeron® Vinnsluminni: 1GB. Harður diskur: 80GB.



Nýherji býður fjarvöktun á kassakerfum. Slík lausn felur í sér lægri rafmagnsnotkun og getur lengt líftíma búnaðar.

Nýherji hf. Borgartún 37 sími 569 7700 netverslun.is



BETRI LAUSNIR



„Tækin frá Wincor Nixdorf eru framleidd með langan endingartíma í huga og eru mjög vönduð í alla staði, enda brýnt að til dæmis kassakerfi séu örugg í notkun þar sem notendur vilja ekki lenda í vandræðum í miðri sölu,“ segir Lúdvík Andreasson sölustjóri kassakerfa hjá Optima.

MYND/GVA



Að sögn Lúdvíks er hægt að fá Wincor Nixdorf kassakerfin í nokkrum útfærslum eftir fyrirhugaðri notkun; sem sambyggðan snertiskjá og tölvu og svo sem sjálfstæðan snertiskjá og sjálfstæða tölvu.

# WINCOR NIXDORF kassakerfi – gæði og fagmennska út í gegn

Fyrirtækið Optima að Vínlandsleið 6-8 sérhæfir sig í sölu á kassakerfum, sjóðsvélum og tilheyrandi vörum frá þýska fyrirtækinu Wincor Nixdorf. Wincor Nixdorf hefur verið leiðandi í sölu kassakerfa og hugbúnaðar auk hraðbanka og búnaðar fyrir banka og fjármálafyrirtæki í 35 ár.

Optima að Vínlandsleið 6-8 hefur verið starfað á Íslandi í tæp sextíu ár en fyrirtækið var stofnað árið 1953. Fyrirtækið leggur áherslu á sölu á ljósritunartækjum, rekstrarvörum, skjalaskápum, talningarvélum fyrir seðla og mynt, öryggiskápum og hugbúnaðarlausnum. Allt þetta kemur frá viðurkenndum aðilum á borð við Ricoh, Xerox, Rosengrens, Secureline, Scan Coin og Bisley.

## Hágæða kassakerfi frá þýsku gæðafyrirtæki

„Wincor Nixdorf er stórt fyrirtæki í Þýskalandi sem tilheyrði áður Siemens Nixdorf en fyrirtækinu var síðar skipt upp, annars vegar

í Wincor Nixdorf og hins vegar í Siemens.

Tækin frá Wincor Nixdorf eru framleidd með langan endingartíma í huga og eru mjög vönduð í alla staði, enda brýnt að til dæmis kassakerfi séu örugg í notkun þar sem notendur vilja ekki lenda í vandræðum í miðri sölu,“ segir Lúdvík Andreasson, sölustjóri kassakerfa hjá Optima.

Að hans sögn er hægt að fá Wincor Nixdorf kassakerfin í nokkrum útfærslum eftir fyrirhugaðri notkun; sem sambyggðan snertiskjá og tölvu og svo sem sjálfstæðan snertiskjá og sjálfstæða tölvu. „Það síðarnefnda hentar til dæmis fyrirtækjum sem selja matvöru og nota vigtarskanna,“ útskýrir hann

og getur þess að hægt sé að velja um nokkrar ólíkar gerðir strikamerkjalesara, prentara, kortalesara, skúffur og fleiri fylgihluti eða allt eftir þörfum hvers og eins.

## Notum hugbúnað frá íslenskum fyrirtækjum

„Wincor Nixdorf kassakerfin keyra á flestum af þeim íslenska hugbúnaði sem boðinn er á markaðnum í dag,“ bendir Lúdvík á og bætir við að Optima eigi nú í viðskiptum við mörg af fremstu hugbúnaðarfyrirtækjum landsins. „Hugbúnaðarkerfin eru misjöfn, allt frá því að vera mjög einföld og upp í að bjóða birgðahald og viðskiptamenn en það er ákvörðun viðskiptavina okkar hvers konar kerfi þjónar þörfum þeirra best.“

## Þjónustar banka

Lúdvík segir Wincor Nixdorf ekki síður hafa átt velgengi að fagna í framleiðslu á Wincor Nixdorf hraðbönkum, sjálfsafgreiðslukerfum og hugbúnaði frá Wincor Nixdorf. „Miðað við þau viðbrögð sem við höfum fengið á búnaði frá þeim er ég ekki í nokkrum vafa um að tækin eigi eftir að fá glimrandi góðar viðtökur hérlandis. Enda gæði út í gegn.“

## Viðhald og viðgerðir

Optima heldur einnig úti öflugri eftirlits- og viðhaldsþjónustu í húsakynnum sínum að Vínlandsleið 6-8. „Þar kemur að góðum notum áralöng reynsla í þjónustu og viðhaldi á flóknunum tækjum,“

bendir Lúdvík á og tekur fram að fyrirtækið hafi yfir að ráða starfsmönnum með mikla þekkingu og getu á því sviði. „Sem betur fer eru þetta þó allt saman vönduð tæki og viðskiptavinir þurfa því sjaldnast að hafa áhyggjur af miklu viðhaldi.“

Hjá fyrirtækinu starfa á þriðja tug starfsmanna á sviði sölu og tækniþjónustu. „Þetta er öflugur hópur sem leggur áherslu á hraða, fagmennsku og persónulegt viðmót og þjónustu,“ segir Lúdvík og hvetur að lokum sem flesta til að hafa samband og kynna sér betur fyrirtækið, vörur þess og þjónustu á heimasíðu Optima á slóðinni [www.optima.is](http://www.optima.is). Einnig að hafa beint samband í síma 588-9000.

## Sjóðsvélar & kassakerfi

á betra verði

[www.optima.is](http://www.optima.is)

Hafðu samband  
S. 588 9000

Fáðu tilboð

OG ÞÚ  
SPARAR!

**WINCOR  
NIXDORF**

Afar vönduð kassakerfi fyrir stór sem smá fyrirtæki. Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu tilboð.

STOFNAD 1953

**OPTIMA**

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa

**SAM4S**

Optima kynnir Sam4s sjóðsvélar Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun. Frábært verð!



Löngu fyrir tíma stafrænna sölukerfa. Ágúst 1977, bakarí við Laugarásveg. Sennilega nýopnað en í hillum má sjá blómaskreytingar. Sjóðsvélin er fyrirferðarmikil á afgreiðsluborðinu.



18. janúar 1985, afgreiðslumaður í fiskbúð vigtar fiskflak áður en stafrænar vogir urðu allsráðandi.



27. janúar 1986, Hafnirðingar spila stórt í Lottóinu. Á fyrstu lottómiðunum voru tölurnar valdar með blýanti sem lottókassinn las.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



Nóvember 1987, stórmarkaður í Hafnafirði. Afgreiðslukassar í röðum en verð slegið handvirkt inn.



17. apríl 1980, Guðlaugur Pálsson í Guðlaugsbúð á Eyrarbakka við afgreiðsluborðið. Til hliðar má sjá gamaldags vigt.

# Gamli tíminn rifjaður upp

Búðarferðir hafa breyst síðustu áratugi frá því þegar allar vörur voru afgreiddar beint yfir borðið og verðið slegið handvirkt inn í sjóðsvél. Hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur er að finna skemmtilegar myndir af búðarborðum og afgreiðslufólki fyrri tíma.

Í dag geta viðskiptavinir bæði skoðað vörur og keypt á netinu og fengið þær sendar heim að dyrum. Við þurfum ekki einu sinni að gera okkur ferð út í búð. Verslunarhættir hafa því talsvert breyst frá því verð var slegin handvirkt inn í búðarkassann og vörurnar afgreiddar yfir borðið. Einhverjum gæti þó verið söknuður að hinu gamla kerfi og spjallinu við kaupmanninn yfir borðið.

**FJÖLVARP**

Alla virka daga **kl. 18.00**

Discovery Channel er fánæg í FJÖLVARP ALLT
 FJÖLVARP FRÆÐSLA
 FJÖLVARP TOPPUR
 FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

### FYRSTU VEFVERSLANIRNAR

Árið 1990 hannaði Bretinn Tim Berners-Lee fyrsta netþjóninn og vafrann fyrir veraldarvefinn. Veraldarvefurinn opnaði svo formlega árið 1991. Árið 1994 urðu til netbankar og fyrsti pitsustaðurinn á netinu var Pizza Hut. Það sama ár kynnti Netscape SSL gagnadulkóðunina sem hefur orðið grunnurinn að öryggiskerfi vefverslana. Árið 1994 kynnti þýska fyrirtækið Intershop fyrstu vefverslun sína. Árið 1995 hleypti Amazon vefverslun sinni af stokkunum og ári síðar varð eBay að veruleika.



### KORTANOTKUN Á FERÐALÖGUM

- Látið kortið aldrei úr auglýsni. Alltaf skal fylgjast með þegar afgreiðslumaðurinn útbýr úttektarmiðann. Ef hringja þarf og biðja um úttektarleyfi skuluð þið fylgja afgreiðslumanninum ef hann þarf að fara frá til að hringja, biðja hann að koma með vélinu að borði ykkar á veitingastað eða fylgja honum að kassanum.
- Gangið úr skugga um að upphæðin á seðlinum sé rétt og að upphæðin sé fyllt út í niðurstöðudálkinn.
- Gætið kortsins sérstaklega vel á mörkuðum, skemmtistöðum og ekki síst næturklúbbum.
- Geymið ekki alla fjármuni á sama stað.
- Leggið leyninúmerið (PIN) vel á minnið en hafið það ekki meðferðis.
- **Hraðbankar**
- Varist að fara ein í hraðbanka að kvöldi eða nóttu til.
- Tilkynnið umsvifalaust ef kort glatast eða því er stolið.

## BYLGJAN <sup>25</sup>ÁRA

989

### Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

### HVERS VEGNA Á AÐ HALDA BÓKHALD?

**Bókhald** er upplýsingakerfi, ætlað til að halda utan um tekjur, gjöld, eignir og skuldir rekstraraðila þannig að úr því megi lesa árangur rekstrar og stöðu eigna og skulda frá einum tíma til annars. Bókhaldið er aðalstjórnartæki hvers rekstraraðila, það er ekki „bara fyrir skattinn“. Hjá vel reknum fyrirtækjum er bókhaldið notað sem stjórnartæki, því árangursríkar ákvarðanir byggja á nýjustu staðreyndum úr bókhaldi fyrirtækisins. Meginreglan er sú að allir, sem hafa einhvern rekstur eða starfsemi með höndum eru bókhaldsskyldir og eiga að færa tvíhliða bókhald. Bókhaldsbækur skulu færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu kerfi.





# 1,2 milljónir kílómetra á 25 árum

Pappír hf. framleiðir kassa-, posa- og reiknivélarúllur og hefur þjónað svo til öllum stórmörkuðum, olúfélögum og heildverslunum ásamt stórum sem smáum verslunum í 25 ár. Það hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi.

**P**appír hf. hefur framleitt kassarúllur, posarúllur, reiknivélarúllur, faxpappír og aðrar pappírúllur sem viðskiptavinir óska eftir í 25 ár. „Við höfum verið með fullkomnasta vélakostinn á hverjum tíma og höfum þannig náð að auka hagkvæmni og nýtingu hráefnis jafnt og þétt. Í dag notum við vélasamsæðu sem við keyptum nýja frá Spáni fyrir sex árum,“ segir Jóhannes Sigurðsson, annar eigandi fyrirtækisins. „Þessi vélasamsæða er algjörlega sjálfvirk og býður upp á prentun í tveimur litum á bakhlíð rúllanna, sem við teljum mjög ódýran auglýsingakost.“

Jóhannes segir hráefnið koma frá Þýskalandi, Finnlandi og Svíþjóð. Það er flutt inn í stórum rúllum sem eru um það bil eitt tonn hver en árleg notkun fyrirtækisins er um 230 tonn. „Frá upphafi hafa verið framleiddir um það bil 1,2 milljónir kílómetra af kassa-, posa- og reiknivélarúllum hjá Pappír hf.,“ upplýsir Jóhannes.

Hann segir Pappír hafa þjónað svo til öllum stórmörkuðum, olúfélögum og helstu heildverslunum landsins í gegnum árin, ásamt stórum sem smáum verslunum. „Þá framleiddum við mikið af rúllum fyrir ýmsar rannsóknarstofnanir og banka.“

Uppistaðan í framleiðslunni hjá Pappír er thermalpappír sem er prentað á með hita. Þar undir heyrja þrír pappírflokkar. Það er svokallaður standardpappír, sem hefur um sjö ára líftíma miðað við rétta meðferð eftir prentun, Long live pappír, sem hefur allt að 25 ára líftíma og bankapappír, sem er sérunninn og yfirlakkaður og hefur um 18 ára líftíma.

Hjónin Sigurður Jónsson og Sigríður Jóhannesdóttir stofnuðu Pappír fyrir 25 árum og vann Sigurður á staðnum fram á síðasta dag, en hann lést 81 árs að aldri. Nú hefur sonur þeirra, Jóhannes Sigurðsson, tekið við stjórnartaumunum ásamt Ólafi Sverrissyni og er sama kennitalan í notkun.

„Það er ekki svo að við séum einir um sölu á

þessari vöru því það er alltaf eitthvað um innflutning en við höfum hingað til staðist alla samkeppni, sennilega vegna þess að verð og gæði standast allan samanburð. Þá teljum við okkur hafa gott orðspor fyrir góða þjónustu en flestir sem hætta viðskiptum við okkur koma til baka fyrir eða síðar. Þá reynum við alltaf að afgreiða samdægurs eða í síðasta lagi daginn eftir,“ segir Jóhannes. Hjá fyrirtækinu starfa

**Í TILFNI 25 ÁRA AFMÆLIS PAPPÍRS HF. MUN FYRIRTÆKIÐ Á NÆSTU VIKUM KOMA FRAM MEÐ AFMÆLISTILBOÐ SEM MUN VEKJA ATHYGLI VIÐSKIPTAVINA.**

sex manns, tveir í framleiðslu, tveir sölumenn, einn á skrifstofu og bílstjóri sem er jafnframt lagermaður en hann sér um alla dreifingu.

Jóhannes segir róðurinn vissulega hafa þyngst frá hruni og vill að bankarnir krefjist þess að fyrirtækin sem þeir hafa reist við versli við innlenda framleiðendur, að því gefnu að verð og gæði standist samanburð. „Þannig geta bankarnir minnkað hættuna á að vera neyddir til að aðstoða framleiðendur seinna. Íslensk framleiðslufyrirtæki sem þjóna innanlandsmarkaði eru að öllu jöfnu svo lítil að tiltölulega lítil áföll geta riðið þeim að fullu,“ segir Jóhannes og heldur áfram: „Frá hruni hefur fjöldi fyrirtækja farið í gjaldþrot eða fengið niðurfelldar skuldir og hlaupa upphæðirnar á milljónum jafnvel milljörðum. Það má segja að það sé á kostnað þeirra fyrirtækja sem eftir eru í landinu. Þau hafa tapað viðskiptakröfum og ríkisvaldið sett skattfé í endurreisn bankanna. Þess vegna finnst mér að bankarnir ættu að upplýsa fyrirtækin í landinu um innkaupastefnu sína og fara fram á að þau fyrirtæki sem þeir leysa til sín versli við innlenda framleiðendur því annars verður vandinn sífellt meiri.“



„Við höfum verið með fullkomnasta vélakostinn á hverjum tíma og höfum þannig náð að auka hagkvæmni og nýtingu hráefnis jafnt og þétt. Í dag notum við vélasamsæðu sem við keyptum nýja frá Spáni fyrir sex árum,“ segir Jóhannes Sigurðsson annar eigandi fyrirtækisins.



Framleiðslan hefur hingað til staðist allan erlendan samanburð. Starfsmennirnir eru sex og er rík áhersla lögð á hraðvirka og góða þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LJÓSRITUNARPAPPÍR**  
**UMBÚÐAPAPPÍR**  
**LASERPAPPÍR**  
**GJAFAPAPPÍR**  
**FAXPAPPÍR**

**REIKNIVÉLARÚLLUR**  
**SJÓÐSVÉLARÚLLUR**  
**KASSARÚLLUR**  
**POSARÚLLUR**





**PAPPÍR HF**

**BRÉFPOKAR**  
**GJAFAPOKAR**  
**FLÖSKUPOKAR**  
**MATVÆLAPOKAR**  
**SÉRPRENTAÐIRPOKAR**

SÉRPRENTANIR,  
 SELLÓFAN OG RÚLLUSTATÍF

ART-AD-IS-11-06



**PAPPÍR HF** • Kaplahrauni 13 • 220 Hafnarfirði Sími: 565 2217 • pappir@pappir.is • www.pappir.is



### SJÁLFSAFGREIÐSLA FÆRIST Í VÖXT

**Það færist** í vöxt vestanhafs að stórmarkaðir og fleiri verslanir bjóði upp á sjálfsafgreiðslu. Viðskiptavinurinn skannar þá sjálfur inn strikamerkin á vörum og setur þær í þar til gerðan poka. Pokinn er svo vigtaður og ef þyngdin stemmir ekki við upplýsingar búðarkassans um viðkomandi vörur, er afgreiðslu hætt. Einn starfsmaður fylgist með nokkrum slíkum kössum á tölvuskjá og skerst í leikinn ef kassinn gefur þær upplýsingar að eitthvað sé ekki eins og það á að vera. Ef kassinn gerir engar athugasemdir borgar viðskiptavinurinn með korti eða seðlum, pakkar sínum vörum og þarf ekki að hafa samskipti við nokkurn starfsmann verslunarinnar.

# Áttu að koma í veg fyrir þjófnað afgreiðslufólks

James Ritty hafði alls ekki hagsmuni viðskiptavinanna í huga þegar hann hannaði fyrsta búðarkassa sögunnar. Hann vildi bara tryggja það að barþjónarnir á barnum hans styngju ekki peningum í vasann.

Uppruna búðarkassanna má rekja til ótta atvinnurekenda við að starfsfólkið stæli frá þeim. Það var bareigandinn James Ritty sem hannaði fyrsta kassann 1879, orðinn langþreyttur á að barþjónarnir stungu hluta innkomunnar í vasann. Hann nefndi kassann „áreiðanlega gjaldkerann“ og sú saga gekk að hann hefði orðið fyrstur til að verðleggja allt á 49 eða 99 cent til þess að afgreiðslufólkið þyrfti örugglega að opna kassann til að sækja eitt cent í skiptimynt.

Fyrstu kassarnir voru algjörlega handvirkir og ekki var um það að ræða að viðskiptavinurinn fengi kvittun úr þeim. Við þá var tengd



Búðarkassar fortíðarinnar voru glæsileg hönnun með skreytingum og flúri.

bjalla sem klingdi þegar kassinn var opnaður þannig að yfirmaður verslunarinnar heyrði nú örugglega í hvert sinn sem sala fór fram og hefði þannig enn betri yfirsýn yfir sölu dagsins. Allt í þeim tilgangi að hamla þjófnaði afgreiðslufólks.

Fyrstu kassarnir með pappírurúllu þar sem upphæðir voru skráðar komu á markað strax í lok nítjándu aldar og enn sem fyrr var hugsunin sú að engin sala færi fram hjá eigandanum eða verslunarstjóranum. Kvittunin var því í upphafi alls ekki hugsuð til hagsbóta fyrir viðskiptavininn. Öll þróun búðarkassans gekk út á það að eigendur sölufyrirtækja yrðu ekki af fé.

Árið 1906 hannaði Charles F. Kettering kassa sem gekk fyrir rafmagnsmótor og síðan þá hefur þróunin í búðarkössum aðallega gengið út á það að halda í við tækni- framfarir og tölvuvæðingu.



Fyrstu kassarnir voru handvirkir og sveifin tengd við sölutakann svo ekki væri hægt að opna þá án þess að sala hefði farið fram.

## REIKNINGAR.is

Launakerfi

Rafræn skil

Bókhaldskerfi

Vefverslunarkerfi

Söluakerfi

Innkaupakerfi

Lífeyrissjóði

Tenging við

RSK  
Banka



## Ódýr heildarlausn

Reikningar.is er víðamesta netbókhaldskerfið á landinu. Heildarlausn fyrir lítil fyrirtæki sem er auðvelt í notkun og fæst á hagstæðu verði.

Reikningar.is er mjög stór og öflug heildarlausn fyrir lítil og millistór fyrirtæki í flestum greinum,“ segir Ingvar Guðmundsson, hjá Notando á Íslandi, en fyrirtækið býður upp á netbókhaldskerfi sem inniheldur sölu-, birgða-, launa og vefverslunarkerfi. Kerfið hefur verið í notkun í fjögur ár við góðan orðstír og er með mörg hundruð virka notendur. „Notendur eru almennt sammála um að það sé afar auðvelt í notkun,“ segir Ingvar og bætir við: „Þetta virkar í raun eins og netbankinn þinn og því er hægt að nota kerfið í öllum gerðum tölva.“ Hægt er að kaupa kerfið sem heildarlausn eða í minni útgáfum. Þeir sem ekki vilja færa bókhald, geta

gert reikningana sína og látið svo aðra um að færa bókhaldið. Þá geta verslanir byrjað með sölu-, launa- og birgðakerfið en virkjað vefverslunarlutann síðar.

Margir kostir eru við kerfið en til dæmis er hægt að hafa marga notendur með mismunandi aðgangsstýringu. Þá er hægt er að komast í lausnina hvar sem er með snjallsímum þar sem flestir venjulegir vafrar virka ágætlega. „Notendur eru heldur ekki bundnir með samningum heldur höfum við lausnina það góða að fólk vill vera hjá okkur,“ segir Ingvar.

Fyrir þá sem vilja vefverslun er þetta frábær heildarlausn. Vörur sem skráðar eru gegnum innkaupakerfið eru til sölu samstund-

is bæði í verslun og í vefverslun. Þegar viðskiptavinur pantar vöru á netinu er hann jafnframt stofnaður í bókhaldskerfinu, sölu-reikningur gerður og búðareigandinn þarf bara að afgreiða vöruna. Birgðir eru alltaf réttar þar sem sölukerfi og vefverslun vinna á sama grunni.

Vefverslunin er með staðlaðri uppsetningu og er uppsett um leið og notandi skráir sig hjá Reikningar.is. Lítið annað þarf að gera en að skrá inn vörur og vista eigin haus. Notendur geta valið um nokkur útlit. Þeir sem vilja eitthvað annað geta hælega látið vefhönnuði breyta útlitinu að vild.

Frekari upplýsingar er að finna á [www.reikningar.is](http://www.reikningar.is).

### GÓÐAR OG GILDAR REGLUR UM KORTANOTKUN

**Hafa þarf** í huga ýmsar reglur við notkun á greiðslukortum bæði í verslunum og á netinu.

- PIN-númer kreditkorta á aldrei að gefa upp á netinu, í tölvupósti eða í síma og aldrei nema annaðhvort segulrönd eða örgjörvi sé lesið á afgreiðslustað.
- Ef verslað er á netinu þarf að ganga úr skugga um að vefverslunin sé á öruggu svæði. Þetta má sjá á því að vefslóðin hefist ekki á <http://> heldur <https://> Auk þess sýnir vafrinn yfirleitt tákn (t.d. læstan smekklás) sem gefur til kynna öruggt svæði. Einnig má skoða vefsíðuna með það í huga hvort hún virðist áreiðanleg, fagmannleg, vel framsett og án stafsetningarvillna. Þá má athuga hvort réttindi viðskiptavina sé einhvers staðar að finna á vefsíðunni, skilareglur og því um líkt.
- Láttu kortið aldrei af hendi. Vertu alltaf viðstödd/-staddur þegar kortið er lesið eða rennt í gegnum posa/afgreiðslukerfi.
- Fylgstu með færslum á kortið upp á gamla mátann eða í heimabankanum frá degi til dags. Best er því að halda utan um allar kvittanir eftir kaup á vörum og bera þær síðan saman við kortayfirlitið þegar það berst.
- Aldrei senda kortanúmer í tölvupósti. Tölvupóstur er ekki öruggur nema til sérstakra ráðstafana sé gripið og hann dulkóðaður.



# Hugbúnaður sem nýtist með góðum árangri um allan heim

Íslenska fyrirtækið LS Retail stendur að baki háþrúðum afgreiðsluhugbúnaði sem hefur átt miklum vinsældum að fagna um árabíl. Viðskipti fyrirtækisins fara að mestu leyti fram erlendis þar sem það á nú í farsælu samstarfi við yfir 120 aðila í 60 löndum um allan heim.

Ekki hefur mikið farið fyrir íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu LS Retail þrátt fyrir að forsaga þess nái meira en tvo áratugi aftur í tímann eða til ársins 1988. Ástæðuna má rekja til þess að megnið af viðskiptum fyrirtækisins fer fram á erlendum vettvangi þar sem það er með fjölda söluaðila.

„Okkar sérstaða felst fyrst og fremst í því að við erum þróunarfyrirtæki sem selur ekki beint til viðskiptavina heldur í gegnum fjölda samstarfsaðila úti í heimi. Í dag erum við með yfir 120 samstarfsaðila í 60 löndum sem eru okkar framlenging. Daglega starfa því á bilinu þrjú til fjögur þúsund manns um allan heim í tengslum við okkar starfsemi, hafa lífsviðurværi sitt af sölu á okkur hugbúnaði og alls kyns þjónustu sem tengist honum,“ upplýsir Magnús Norðdahl forstjóri LS Retail, og getur þess að kostirnir við þetta fyrirkomulag séu ýmsir.

„Þetta minnkar auðvitað persónulega áhættu fyrir okkur en eykur á móti hratt útbreiðslu hugbúnaðarkerfa okkar á heimsvísu. Við höfum uppi á söluaðilum í hverju landi og þeir hanna síðan hentugar lausnir fyrir sitt fyrirtæki, markað og land.“

Ekki er þó hlaupið að því að gerast samstarfsaðili LS Retail að sögn Magnúsar heldur þarf viðkomandi að hafa góða þekkingu jafnt á hugbúnaðarkerfinu, sem sölu og þjónustu. „Bæði er tímafrekt og kostnaðarsamt að verða okkar samstarfsaðili. Það er ákveðin trygging fyrir því að viðkomandi sé í stakk búinn til að selja eða þjónusta markaðinn í sínu heimalandi enda er það á hans ábyrgð að innleiða hugbúnaðarkerfið þar og að ekki halli á okkar merki. Þetta er því ávísun á samstarf með viðurkenndum aðilum.“

## 2.000 viðskiptavinir nota LS Retail

Samkvæmt Magnúsi má lýsa hugbúnaði LS Retail sem alþjóðlegum afgreiðslukerfishugbúnaði eða verslunarhugbúnaði sem má nota hvarvetna þar sem sala og greiðsla fer fram, og fæst hann á yfir 30 tungumálum.

„Þetta er íslenskt hugvit sem hefur verið í þróun síðan 1988 og því má segja að innan fyrirtækisins sé gríðarleg reynsla af þróun og sölu á kassakerfum,“ bendir hann á og bætir við að hugbúnaðurinn keyri aukin heldur á forriti frá Microsoft, Microsoft Dynamics NAV, sem hafi ótvírætt ýmsa kosti í för með sér. „Einn er sá að Microsoft Dynamics NAV er heildarlausn, gagnagrunnur sem nota má sameiginlega fyrir kassakerfi, fjármálakerfi og svo framvegis, á meðan samkeppnisaðilar okkar nota kannski allt að þrjú kerfi sem þarf að stilla sérstaklega saman. Enda þótt okkar hugbúnaður sé ef til vill eitthvað aðeins dýrari í innkaupum þá er fólk að fá heilt hugbúnaðarkerfi sem er mun hagkvæmari í notkun til lengri tíma lítið. Vilji maður fá góða yfirsýn yfir reksturinn þá er LS Retail málið – lausn sem veitir yfirlit yfir tölur, viðskiptavinum og fleira.“

Þá segir Magnús líka hagkvæmt að tengjast Microsoft sem sé eitt stærsta og virtasta fyrirtæki heims á sviði hugbúnaðar. „Með því að byggja okkar lausn ofan á kerfi frá Microsoft fáum við gríðarlegan stuðning frá rísum á heimsvísu. Microsoft prófar og samþykkir allan okkar búnað og þótt mikil



„Þetta er íslenskt hugvit sem hefur verið í þróun síðan 1988 og því má segja að innan fyrirtækisins sé gríðarleg reynsla af þróun og sölu á kassakerfum,“ segir Magnús Norðdahl, forstjóri LS Retail, um hugbúnaðarkerfi fyrirtækisins.

MYND/ANTON

fjárfesting felist í því er það bæði gæðastimpill og þjónusta sem nýtist okkur og okkar samstarfsaðilum. Þetta tengir okkur við stærsta hugbúnaðarkerfi heims. Af þeim sökum hefur okkur tekist að ná í yfir 2.000 viðskiptavina sem keyra á okkar búnaði í yfir 40.000 verslunum með um 80.000 kössum. Þú getur rétt ímyndað þér þann fjölda fólks sem vinnur við okkar hugbúnað á hverjum degi. Microsoft Dynamics NAV er langútbreiddasti viðskiptabúnaðurinn í dag, notaður af hundruðum þúsunda ef ekki milljónum fyrirtækja og LS Retail klárlega stærsti aðilinn á þessu sviði sem keyrir á búnaðinum.“

## Mikill vöxtur síðustu ár þrátt fyrir erfitt umhverfi

Þökk sé óflugu viðskiptalíkani hefur LS Retail verið í mikilli sókn síðustu ár, að sögn Magnúsar. Til marks um það hafi velta fyrirtækisins aukist um 45 prósent árið 2010 miðað við árið 4

”

**Vilji maður fá góða yfirsýn yfir reksturinn þá er LS Retail málið – lausn sem veitir yfirlit yfir tölur, viðskiptavinum og fleira.**

undan. Núna, það er 2011, hafi veltan aukist um 35 prósent síðan 2010. „Þetta er auðvitað frábær árangur. Við erum í raun að skapa útflutningstekjur á við heilan togara, þar sem 98 prósent af okkar tekjum koma erlendis frá,“ segir Magnús og hlær og bendir á að veltan sveiflist því í takt við stöðuna á erlendum mörkuðum. „Nú er lítið að gera í Norður-Evrópu, til dæmis í Bretlandi sem hefur verið okkar besti markaður. Það kemur hins vegar ekki að sök þar sem mikil uppsveifla er í Asíu, Suður-Ameríku og annars staðar og við fylgjum þeirri bylgju,“ útskýrir hann.





Þrátt fyrir að viðskipti LS Retail eigi sér að mestu leyti erlendis fer öll þróunarvinna fram hérlendis í höfuðstöðvum LS Retail að Höfðatúni 2. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 70 manns með víðtæka háskólamenntun. „Þetta eru langmest tölvunarfræðingar en einnig verkfræðingar og svo bókmenntafræðingar sem vinna að

útgáfu handbóka með hugbúnaðinum og fimm manns sem prófa hann,“ upplýsir Magnús og bætir við að ytra starfi líka tólf viðskiptafulltrúar sem eru í tengslum við samstarfsaðila LS Retail um allan heim.

Hann tekur fram að LS Retail sé sífellt á höttunum á eftir vel menntuðu fólki og til marks um það hafi fyrirtækið ráðið mikið af nýútskrúfuðu fólki. „Hins vegar vantar klárlega orðið fólk sem er menntað í tölvunarfræði hérlendis. Erfitt starfsumhverfi gerir að verkum að margir flýja hreinlega land og ekki er vinnulöggjöfin til þess fallin að laða að hámenntaða starfsmenn erlendis frá. Ráðamenn þjóðarinnar þurfa klárlega að setja betri stefnu í þeim málum til að laða fólk í stað þess að fæla frá.“

## Öflugt markaðsstarf

Magnús segir LS Retail jafnframt hafa notið lítillar sem engrar utanaðkomandi aðstoðar við uppbyggingu fyrirtækisins. „Hér á landi er lítil sem engin aðstoð veitt fyrirtækjum sem sérhæfa sig í hugbúnaði eða annarri tengdri nýsköpun og eru að markaðssetja sig erlendis. Við erum auðvitað óralangt í burtu frá okkar samstarfsaðilum og viðskiptavinum og höfum því verið virk í þátttöku á smásöluráðstefnum erlendis,“ segir hann og bendir máli sínu til stuðnings á fyrirhugaða þátttöku LS Retail á ráðstefnunum EuroCIS í Düsseldorf í febrúar, Microsoft Convergence í Houston í mars og Directions EMEA í Róm í apríl. „Svo erum við sjálf að skipuleggja umfangsmikla þriggja daga markaðsráðstefnu í Hörpu í maí þar sem vænta má 200 gesta og fáum ekki eina krónu í aðstoð. Engu að síður erum við á blússandi siglingu og eigum nú óbeinum í viðskiptum við marga virta aðila, þar á meðal verslanakedjur á borð við adidas og IKEA sem nota allt frá einum og upp í nokkur þúsund kassa sem keyra á okkar búnaði.“



Hjá LS Retail starfa nú um 70 manns með víðtæka háskólamenntun. Mestmeignir eru þetta tölvunarfræðingar en einnig verkfræðingar, bókmenntafræðingar og svo fleiri sem vinna við að prófa hugbúnaðarkerfi fyrirtækisins.



„Starfsfólk Reyndar býr yfir afar yfirgripsmikilli þekkingu. Flestir hafa unnið í þessum geira í að minnsta kosti tíu ár og flestir lengur, bæði hér heima sem erlendis,“ segir Guðjón Þór Mathiesen.

MYND/GVA

# Reynd hugsar með þér

Reynd er hugbúnaðar- og ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í afgreiðslukerfum fyrir verslunarfyrirtæki. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Reynd yfir að ráða starfsmönnum með áralanga og víðtæka reynslu.

Fyrirtækið Reynd var stofnað um áramótin 2009/2010 og hefur á stuttum tíma skapað sér orðspor sem eitt fremsta hugbúnaðar- og ráðgjafafyrirtæki landsins á sviði verslunarkerfa. Þegar betur er að gáð ætti það ekki að koma sérstaklega á óvart enda hafa starfsmenn fyrirtækisins áralanga reynslu af ráðgjöf, þróun, innleiðingu og þjónustu á hugbúnaðarlausnum fyrir verslunarfyrirtæki. Tveir stofnenda fyrirtækisins stofnuðu árið 2001, við þriðja mann, fyrirtæki í Hollandi með svipaðar áherslur sem hét Landsteinar Nederland. Það fyrirtæki heitir í dag K3 Retail Solutions og er það eitt fremsta fyrirtæki á sínu sviði þar í landi. Ráku þeir það með góðum árangri til ársins 2009 er þeir fluttu til Íslands. Í kjölfarið tóku þeir saman við gamla samstarfsfélagið og Reynd varð til. „Starfsmenn voru upphaflega fjórir en eru fjórtán í dag. Okkar áætlanir gera ráð fyrir áframhaldandi stækkun og við gerum ráð fyrir að starfsmenn verði orðnir um 25 að tveimur árum liðnum. Við erum því alltaf að leita að hæfu starfsfólki til að bæta við þann frábæra hóp sem er hér fyrir.“ segir Guðjón Þór Mathiesen, sölu- og markaðsstjóri Reyndar. Hann tekur fram að fyrirtækið sé alfarid í eigu starfsmanna, þessi fyrstu tvö ár hefur reksturinn gengið mjög vel og er fyrirtækið rekið á traustum fjárhagslegum grunni. „Starfsfólk Reyndar býr einnig yfir afar yfirgripsmikilli þekkingu. Flestir hafa unnið í þessum geira í að minnsta kosti tíu ár og margir lengur, bæði hér heima sem erlendis,“ segir hann.

## Margverðlaunuð lausn

Reynd er sem áður sagði hugbúnaðar- og ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í heildarlausnum fyrir verslunarfyrirtæki. „Við erum samstarfsaðili Microsoft og LS Retail og byggja okkar lausnir á þeirra lausnum. LS Retail NAV er margverðlaunuð lausn fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri. Lausnin er byggð ofan á Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausninni og notast við styrkleika þeirrar lausnar auk þess að bjóða upp á lausnir sem eru sérsníðnar fyrir verslanir, stórar sem smáar. Sérstaða LS Retail liggur í því að bjóða upp á alla helstu virkni í einni lausn, þ.m.t. kassakerfi, vildarkerfi, bakendakerfi í verslun, birgðabókhald, aðfangakeðju og fjárhagskerfi svo eitt hvað sé nefnt. LS Retail NAV er einnig þeim kosti gætt að auðvelt er að laga það að þörfum þess sem notar það og er hentugt fyrir



Viðskiptavinir Reyndar eru afar fjölbreyttir.

verslanafyrirtæki af öllum stærðargráðum,“ segir Bjarni Gaukur Sigurðsson, yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Reynd. „Einnig bjóðum við upp á einfalt afgreiðslukerfi frá LS Retail sem kallast LS Retail.NET. Sú lausn er mjög hentug fyrir lítil fyrirtæki sem vilja ódýra og einfalda afgreiðsluálagningu sem inniheldur engu að síður alla nauðsynlegustu virkni sem þarf til afgreiðslu þ.m.t. fyrir veitingahús. Auk þessa höfum við þróað aðrar lausnir og má þar nefna OKeDoc og xAdd. OKeDoc er lausn fyrir rafræna reikninga sem við erum að hleypa af stokkunum. xAdd er lausn sem notar Excel sem viðmót fyrir dreifða gagnavinnslu sem gerir notendum kleift að sækja og skrifa gögn í miðlægum gagnagrunni. Þessi lausn er einkar hentug fyrir ýmiss konar áætlanagerð sem og ýmsa aðra dreifða vinnslu þar sem útgáfustýring er nauðsynleg og hentugt er að nota Excel sem viðmót,“ bætir hann við.

## Starfa innanlands sem utan

Reynd þjónustar viðskiptavinum bæði innanlands og utan. Á meðal viðskiptavina fyrirtækisins á Íslandi má nefna Pennann, IKEA, ÁTVR, Íslandspóst, Cintamani, Norvik, Nova, Melabúðina, KEX Hostel og nýju matvöruverslunina Víði. Starfsmenn Reyndar hafa í gegnum tíðina unnið fyrir mörg þekkt verslunarfyrirtæki erlendis og má þar nefna IKEA, Footlocker, 7-Eleven, Bouwmaat og Bulgarian Telecom svo eitt hvað sé nefnt. Reynd hefur frá upphafi haft þó nokkur umsvif í Svíþjóð. „Við höfum þar

verið að vinna með einu stærsta fyrirtæki Evrópu á sviði upplýsingatækni og ráðgjafar sem kallast Logica við þróun og innleiðingu á heildarafgreiðsluálagningu fyrir sænskar apótekekeðjur í kjölfar einkavæðingar þar í landi. Við komum inn í það verkefni sem sérfræðingar í LS Retail sem er einmitt ein undirstaða kerfisins sem apótekin þar eru að nota,“ segir Bjarni. Það er því ljóst að það eru engir aukvisar þar á ferð.

## Hugsar með viðskiptavinum

„Við bjóðum upp á mjög fjölbreyttar heildarlausnir, allt frá fjárhagsbókhaldi og út í kassakerfi og allt þar á milli,“ segir Guðjón og heldur áfram. „Við förum í gegnum innleiðingakerfi með fyrirtækjum, markmiðs- og þarfagreiningu á víðum grundvelli og síðan yfir í innleiðingu og séraðlaganir fyrir þessa aðila,“ segir hann og tekur fram að þó Reynd sé hugbúnaðarfyrirtæki hafi starfsmenn þess einnig mikla rekstrarþekkingu. „Við komum þannig að ýmsum hliðum í rekstri þessara fyrirtækja sem nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsingatækni.“

Guðjón segir meginmarkmið Reyndar að hugsa með viðskiptavinum sínum. „Við lítum á okkur sem samstarfsaðila. Okkar markmið er að aðstoða okkar metnaðargjörnu viðskiptavinum við að ná markmiðum sínum og í samstarfi við þá að aðlagja ferli og lausnir að þeirra þörfum. Til þess að geta það er mikilvægt að skilja og þekkja þær áskoranir og vandamál sem hver og einn á við að etja,“ útskýrir hann.

## LS RETAIL.NET

LS Retail.net er einföld lausn sem er hugsuð fyrir smærri aðila, minni verslanir og veitingahús sem leita að lausn sem er ódýr og einföld í uppsetningu. Hún inniheldur afgreiðslukerfi og bakenda fyrir verslanir og veitingahús með möguleika á því að tengjast viðskiptalausnum.

„Þetta er góður kostur fyrir þá sem eru að hefja sinn rekstur og eru ekki tilbúnir í mikla fjárfestingu í upphafi,“ segir Guðjón Þór Mathiesen hjá Reynd og bendir á að LS Retail.NET hafi verið innleitt hjá KEX Hosteli. „Þá er lítið mál að uppfæra í lausn eins og LS retail NAV þegar viðskiptin aukast.“

## LS RETAIL NAV

LS Retail NAV er íslensk hugbúnaðarlausn sem byrjað var að þróa fyrir tuttugu árum og er margverðlaunuð lausn fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri. Lausnin er byggð ofan á Microsoft Dynamics NAV.

Starfsmenn Reyndar hafa verið viðriðnir þetta kerfi um langt árabil og hafa því mikla reynslu af öllu því sem tengist lausninni. „Það er ástæða þess að við erum jafn framarlega í þessum geira og raun ber vitni,“ segir Guðjón Þór Mathiesen hjá Reynd.

Sérstaða LS Retail NAV liggur í því að bjóða upp á fulla virkni í einni lausn, þ.m.t. kassakerfi, bakendakerfi í verslun, birgðabókhald, aðfangakeðju og fjárhagskerfi svo eitt hvað sé nefnt. Það er því ekki þörf á því að viðhalda mörgum mismunandi kerfum og dýrum samskiptum þeirra á milli. Í dag er LS Retail í notkun á yfir 85.000 kössum og í yfir 38.000 verslunum víðsvegar um heiminn.

LS Retail NAV er ætlað fyrir fyrirtæki af öllum stærðargráðum.



## PINNIÐ Á MINNIÐ

Reynd hefur tekið þátt í innleiðingu örgjörvaposi í nokkrar verslanir í tengslum við verkefnið „Pinnið á minnið“. Með verkefninu er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi en þannig uppfylla íslensk fyrirtæki, korthafar, útgefendur greiðslukorta og færsluhirðar alþjóðlegar kröfur um öryggi í kortaviðskiptum. Verkefnið snýst um að korthafar staðfesta kortagreiðslur með pinni í stað undirritunar, líkt og þekkt erlendis. Starfsfólk verslana mun ekki lengur handleika greiðslukort og þarf ekki að bera saman undirskrift á korti og kvittun.

Reynd hefur innleitt þessa lausn í öllum afgreiðslustöðvum Íslandspósts og einnig í sjálfsafgreiðslukerfi IKEA á Íslandi. Á þessum stöðum er LS Retail NAV í notkun.

**Reynd**  
hugsar með þér

Reynd ehf  
Nótatún 17  
sími: 512 4300

info@reynd.is  
www.reynd.is



**Tölvur**

**omn!s**  
tölvuhjálpi!

Yfirhaling á tölvu aðeins 2.900 kr.  
Ókeypis vírusvörn

Nánar á [www.tolvuhjalp.is](http://www.tolvuhjalp.is)  
Sími 588 9590  
Ármúli 11 • Reykjavík

Tölvuviðgerðir, vírusheinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÓBÍ Stefán 821 6839.

**Spádómar**

**Nympha-dora**

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA **562 8211** EURO

Hanna s. 555 2927

Spá Draumar Fyrirbætur

tek einnig í einkatíma

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

**Fljót og góð þjónusta**  
Sími 893 1733

**Jón Jónsson**  
Löggiltur rafverktaki  
[www.raflagnir.is](http://www.raflagnir.is)

**Önnur þjónusta**

**Blekhyllki.is**

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**

**Ódýrt blek og tóner**

Í alla prentara  
Opið Skútuvogi 1  
frá 9-18 virka daga

**Prentvörur**  
Sími 553 4000

**myranaut**

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 868 7204 eða á [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is)

**Hokus Pokus**  
[hokuspokus.is](http://hokuspokus.is)

**ÖSKUDAGSFJÖR**

Aldrei meira úrval af skemmtilegum barnabúningum t.d. Star Wars, Harry Potter, Batman, Superman, Super Mario, ofl. Úrvalið er aðgengilegt á [www.hokuspokus.is](http://www.hokuspokus.is) sem einnig er vefverslun fyrir alla landsbyggðina. Hokus Pokus Laugavegi 69 S. 551 7955

**PARTY BÚÐIÐ**

**Öskudagur 22. febrúar!**

Tugir öskudagsbúninga á frábæru verði; prinsessur, afturgöngur, indíánar, kúrekar, ninjur, trúðar, normir, sjóræningjar, galdramenn, hermenn, pönkarar, hippar, o.fl., o.fl. Fylgihlutir í þúsundatali! Skoðaðu búningaúrvalið á Facebook síðu okkar. Partybúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**  
s. 552-4910.

**Kaupi gull!**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)  
Upplýsingar í síma 661 7000.

Hamarsfell ehf - okkur vantar Doka plötur. Upplýsingar í síma 510 0304.

**Verslun**

7 rósir 990 kr.

**Dalía**  
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ  
S. 568 9120



**NÝJAR VÖRUR!!** Einnig helling á 50% afsætti.Verslunin Emilia Bláa húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**TILBOÐ PUSH UP - STAKAR STÆRÐIR**

A, B, C, D skálar.  
**Á AÐEINS 2.500 kr.**

**Misty** - fyrir allar konur

Misty Laugavegi 178, s: 551 3566  
[www.misty.is](http://www.misty.is)  
Vertu vissur

**Ýmislegt**

Verk e. Finn Jónsson (1892-1993) Úr íslenskum birkiskógi. Olla, 69 x 87. Merkt. Eigendasaga ljós. Tilboð óskast fyrir 28.2., lág. 200 þús. Nánari uppl. 694-4311.

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 [www.eco.is](http://www.eco.is) Ný netverslun: [www.betriheilsa.is/erla](http://www.betriheilsa.is/erla)

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. [www.heilsuval.topdiet.is](http://www.heilsuval.topdiet.is) Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 [www.lifstill.is/eddaborg](http://www.lifstill.is/eddaborg)

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

**Nudd**

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

**þjónusta**

Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 28. febrúar. Yogastöðin Heilsubót [www.yogastodin.com](http://www.yogastodin.com) S: 5885711 og 6918565

**HEIMILIÐ**

**Húsgögn**

rafmagsrúm til sölu með latex dýnu.Vel með farið og lítið notað. Tvö náttborð og rúmgöf fylgir með síma: 8979102.

**TÓMSTUNDIR & FERÐIR**

**Gisting**

Gisting í Exsample, Barcelona. 60-120euro nóttin. Einnig langtímaleiga. Verð p.mán 950-1200eur. starplus.is

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**  
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

[www.hotel105.com](http://www.hotel105.com)  
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**  
sími 896 4661

**Gistiheimili - Guesthouse**

[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. **Uppl/info í S. 824 4535.**  
[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

Herbergi til leigu með eldhúsi og baði með þvottavél. Mið Reykjavík. Sími 661 5219

Hlýleg 60 fm. íbúð í Vesturbænum í 3. mánuði mars-maí. Verð 100 þ. uppl. í s. 693 8599.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

**Húsnæði óskast**

Par óskar eftir 2-3hrb íbúð til leigu á höfuðsv. skilvis og reyklus. helst undir 120.þús pr mánuð s. 848 1190

Par óskar eftir tveggja herbergja íbúð leiga 100 þ. uppl. í s. 778 1821.

**Fasteignir**

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. Jeppa upp í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

**Atvinnuhúsnæði**

Sírka 40fm húsnæði á jarðhæð í 101 rvk, fyrir vinnustofu. t.d. skartgríðasmíði, þrjónastofu, ýmissa smá iðnaðar. s. 820 4947.

**Dalvegur, Kópavogi**

Til leigu 75fm jarðhæð á góðum stað við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í s. 696 8054.

**Geymsluhúsnæði**

[www.geymslaeitt.is](http://www.geymslaeitt.is)  
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Þúslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

[www.buslodageymsla.is](http://www.buslodageymsla.is)  
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**TILKYNNINGAR**

**Fundir**

Almennur fundur Hollvínasamtaka líknardeilda í Nes Kirkju 23. febrúar kl. 17:15. Dagskrá: 1. Skýrsla stjórnar. 2. Ráðstefna um stefnumótun í heilbrigðismálum. 3. Önnur mál. Stjórnin

**Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu**

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Allt sem þú þarft...

Tilkynningar



**Fékkstu slag?**  
Hafðu samband við okkur í 860 5585 eða skrðu þig á póstlistann á heimasíðu okkar heilaheill.is



**Opið hús fyrir slagbola og aðstandendur þeirra fram á vor:**  
REYKJAVÍK: Alla þriðjudaga frá kl.13-15 í Síðumúla 6.  
AKUREYRI: Annan þriðjudag hvers mánaðar frá kl.18-19 í Greifanum.  
Kaffi á könnunni!  
Erum á Grensásdeild og veitum upplýsingar um félagið alla fimmtudaga frá kl.14-16.

Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**  
905 2000 (símatorg)  
535 9920 (kreditkort)  
535 9923 (fritt karlar)  
555 4321 (fritt konur)

**Sögur**  
905 2002 (símatorg)  
535 9930 (kreditkort)

**Spjaldómur**  
908 6000 (símatorg)  
535 9999 (kreditkort)

**Gefðu vatn**



Hjálparstarf kirkjunnar  
www.heilsa.is

Fasteignir

**LEIGUHÚS.IS**  
LEIGUMIDLUN OG RÁÐGJÖF  
**Sími 517 3500**

Skúlagata 91,7 fm verslun/þjónusta



**HÚSNÆÐI FYRIR ÞÍNA HUGMYND !**

Bjart og gott húsnæði á götuhæð, flott gólfefni og nýmálað, getur hentað undir ýmsa starfsemi. Gott auglýsingargildi. Laust strax, verð aðeins kr. 110 þús. á mán (ekki vsk)

Þjónusta

**Leiguumsjón**  
láttu okkur sjá um fasteignina þína.

Gerð leigusamninga.  
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.  
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.  
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.  
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.  
Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440

Fundur / Mannfagnaður

**Aðalfundur ICEPRO 2012**

Aðalfundur ICEPRO verður haldinn í Snæfelli á Hótel Sögu, miðvikudaginn 22. febrúar og hefst hann kl. 12:00.

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra flytur ávarp og afhendir EDI-bikarinn, verðugu fyrirtæki eða stofnun. Þetta er í sextánda sinn sem bikarinn er afhentur.

Stefán Kjærnested, varafjarsýslustjóri stígur í pontu og setur fram markmið og dagsetningar um innleiðingu rafrænna reikninga hjá opinberum stofnunum.

Hrannar Erlingsson, framkvæmdastjóri Maritech svarar til um áhrif þessara markmiða á notendur og framleiðendur hugbúnaðar.

Síðan taka við hefðbundin aðalfundarstörf

**HEILSA**



Sölufulltrúar:  
Jóna María  
jmh@365.is 512 5473  
Brynja Dan  
brynjadan@365.is 512 5465  
Snorri  
snorris@365.is 512 5457

**BYLGJAN 25 ÁRA**  
989



**Heimir & Kolla vakna með þér í bitíð**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00  
Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Fasteignir



Einstök eign í miðborginni til sölu!

Til sölu heildareignin á **Tryggvagötu 18** í Reykjavík. Fjórir stigagangar, 3 íbúðir í stigagangi í austurhluta og 7 í búðir í hinum stigagöngunum, alls 24 íbúðir. Til greina kemur að selja stakar íbúðir eða heil stigahús sér.  
T18 er vönduð bygging þar sem hugað er að hverju smáatriði og öll efni valin með tilliti til bestu endingar og hæstu gæða. Íbúðir án hliðstæðu á Íslandi. Spennandi fjárfestingarkostur á einstökum stað í miðbæ Reykjavíkur.

Í húsinu eru tvær stórbrotnar Penthouse íbúðir, sú minni 180 m<sup>2</sup> og sú stærri 330 m<sup>2</sup> með stórrri verönd. Allar íbúðirnar eru fullkláraðar og innréttaðar í hæsta gæðaflokki. Innréttingar eru frá Poliform Ítalíu sem er eitt viratsta innréttingafyrirtæki heims.

**569 7000** Hafðu samband við sölumenn Miklaborgar og kynntu þér málið.  
www.miklaborg.is

F A S T E I G N A S A L A N  
**MIKLABORG**  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**T18** Allar íbúðir með suðursvalir. Tvö verslunarrými á jarðhæð um það bil 70 m<sup>2</sup> hvort. Bílastæðahús. Aðkoma er um fjögur einstaklega glæsileg aðskilin stigahús með lyftum. Náandarskynjarar og fjarstýrðar læsingar veita íbúum lykllaust aðgengi að eigninni.  
www.t18.is

Tímalaus hönnun og mestu möguleg gæði einkenna T18, eina glæsilegustu íbúðabyggingu sem risið hefur í Reykjavík.



**73** JÓN BALDVIN HANNIBALSSON fyrrverandi ráðherra á afmæli í dag. „Það eina sem við vitum með vissu er að allt er óvissu undirorpið.“



Ástkær eigimaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Steindór Arason**

frá Ísafirði, síðast til heimilis að Skipalóni 24, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 1. mars kl. 15.00.

Pórdís Þorlákssdóttir  
Þóra Steindórssdóttir  
Ari Steindórssdóttir  
Guðlaug Steindórssdóttir  
Alda Áskelsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Lára Grétarsdóttir  
Sævar Guðmundsson  
Sigurður Óli Gestsson



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigtryggur Guðmundsson**

Hjaltabakka 22, Reykjavík,

lést á Dvalarheimilinu Grund föstudaginn 17. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

Jórunn Thorlacius  
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilfríður Guðnadóttir**

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 16. febrúar. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

Guðvarður Eliasson  
Hulda Guðvarðardóttir  
Elías Guðvarðarson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Guðmundsson



Ástkærir foreldrar okkar, tengdaforeldrar, amma, afi, langamma og langafi,

**Björn Jónsson**  
frá Fossi, Hrutafirði,  
andaðist 13. febrúar.

**Guðný Helga Brynjólfssdóttir**  
frá Ormsstöðum,  
Breiðdal, andaðist  
18. febrúar.

Til heimilis að Suðurbraut 2, Hafnarfirði. Útför þeirra verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Ármann Björnsson  
Pétur Björnsson  
Þróstur Ármannsson  
Sigríður Elva Ármannsdóttir  
Guðný Birna Ármannsdóttir  
Birgir Ármannsson  
Guðrún Birta Pétursdóttir  
og barnabarnabörn.

Stefanía Ingimundardóttir  
Illugi Hartmannsson  
Árni Einarsson

## SAFNASAFNIÐ Á SVALBARÐSSTRÖND: HLÝTUR EYRARRÓSINA Í ÁR

# Merkilegt frumkvöðlastarf í þágu íslenskrar alþýðulistar

Safnasafnið á Svalbarðsströnd hlýtur Eyrarrósina, viðurkenningu fyrir afburða menningarverkefni á landsbyggðinni, í ár. Aðstandendur safnsins veittu viðurkenningunni viðtöku við athöfn á Bessastöðum á laugardag.

Safnasafnið, sem var opnað árið 1995, þykir vinna merkilegt frumkvöðlastarf í þágu íslenskrar alþýðulistar. Það er til húsa í gamla Þinghúsinu á Svalbarðsströnd, rétt utan við Akureyri, og í söllum þess sýna hlið við hlið frumlegir og ögrandi nútímalistamenn, sjálfærðir alþýðulistamenn, einfarar og börn, eins og segir í fréttatilkynningu. Þá þykir Safnasafnið vinna ótúllega með íbúum sveitarfélagsins, meðal annars með frumkvæði að samstarfi við leikskóla- og grunnskólaborn. Safnið hlýtur styrk að upphæð ein og hálf milljón króna, verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur og flugmiða frá Flugfélagi Íslands.

Metfjöldi umsókna var um Eyrarrósina, sem var fyrst veitt árið 2005, í ár. Árlega er auglýst eftir umsóknum í fjölmiðlum og eru umsækjendur meðal annars tímabundin verkefni, menningarhátíðir, stofnanir og söfn.



SAFNASAFNIÐ Magnhildur Sigurðardóttir og Niels Hafstein taka við verðlaununum úr hendi Dorritar Moussaieff á Bessastöðum.

### Merkisatburðir

- 1599 Leikmannabíblía er gefin út á Hólum í Hjaltadal.
- 1630 Jarðskjálftar hefjast á Suðurlandi og valda nokkru tjóni.
- 1848 Kommúnistaávarpið eftir Karl Marx og Friedrich Engels kemur út.
- 1878 Fyrsta símaskráin er gefin út í New Haven í Connecticut í Bandaríkjunum.
- 1895 Kvennablaðið kemur út í fyrsta sinn, ritstýrt af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.
- 1945 Fimmtán manns farast er Dettifossi er grandað af þýskum kaþbáti norður af Írlandi.
- 1953 Francis Crick og James D. Watson uppgötva byggingu DNA-sameindarinnar.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurborg Sigurðardóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 17. febrúar.

Sigríður Björg Eggertsdóttir  
Jón Eggert Guðmundsson  
Jóhannes Geir Guðmundsson  
Björgvin Guðmundsson  
og barnabarnabörn.

Guðmundur Geir Jónsson  
Pamela Perez



Ástkær móðir mín,

**Sigurborg Guðmundsdóttir**

frá Flatey á Breiðafirði,  
Jökulgrunni 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

Sigrún Karlsdóttir



**Jónína Birna Ólafsdóttir Kislus**

andaðist á heimili sínu á Florida 24. janúar síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Daniel J. Kislus  
Sigríður Ásgeirsdóttir  
Auður Ólafsdóttir



Ástkær sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

**Haldór Fannar**

tannlæknir, Háteigsvegi 20, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu miðvikudaginn 15. febrúar. Útför fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 24. febrúar kl. 15.00.

Hanna Aðalsteinsdóttir  
Soffía D. Halldórsdóttir  
Halla D. Halldórsdóttir  
Halldór Fannar Halldórsson  
Róbert Fannar Halldórsson  
og barnabörn.

Daði Friðriksson  
Bjarni Adólfsson



Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**Anna S. Vilhjálmssdóttir**

Ásgarði 143, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 11. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Bústaðarkirkju fimmtudaginn 23. febrúar kl. 15.00.

Ásta Kristjánsdóttir  
Sigrún Erla Vilhjálmssdóttir  
Hákon Hallgrímsson  
Unnur Hallgrímsdóttir  
Þór Hallgrímsson

Hákon Torfason  
Hallgrímur Ingólfsson  
Hrefna Guðmundsdóttir  
Sandra Heimisdóttir



# VILT ÞÚ ÖÐLAST FJARHAGSLEGT FRELSI?



Með því að fara inn á [sparnadur.is](http://sparnadur.is) gætir þú unnið 50 þúsund króna höfuðstólsgreiðslu!

Vissir þú að með því að greiða einu sinni 5.000 krónur inn á höfuðstól á verðtryggtu láni sem ber 5% fasta vexti og miðað við 4% verðbólgu út lánstímann gætir þú sparað 22.840 krónur.


#### Hvaða lán er best að greiða upp fyrst?

Ef þú greiðir inn á höfuðstól á réttu láni í réttri röð sparar þú gríðarlegar fjárhæðir í vexti og verðbætur. Þetta gerir það að verkum að lánstíminn styttest til muna.

**Pantaðu tíma strax í dag!**

**Kynntu þér nánar á [sparnadur.is](http://sparnadur.is)**

## krossgáta



## LÁRÉTT

2. líkamshluti, 6. rún, 8. aldur, 9. meðal, 11. drykkur, 12. tónstigi, 14. dramb, 16. kvað, 17. sigti, 18. væta, 20. í röð, 21. bylta.

## LÓÐRÉTT

1. æðaslag, 3. tímaeining, 4. nennuleysi, 5. atvikast, 7. heimilistæki, 10. flík, 13. umrót, 15. stertur, 16. kóf, 19. þófi.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. háls, 6. úr, 8. rek, 9. lyf, 11. te, 12. skali, 14. stolt, 16. ku, 17. sí, 18. agi, 20. fg, 21. fall.  
LÓÐRÉTT: 1. pils, 3. ár, 4. leitill, 5. ske, 7. rýksuga, 10. fat, 13. los, 15. tafl, 16. kaf, 19. il.



# KATTARSLAGUR Á LEIKHÚSFLÖTINNI

## AKUREYRI 150 ÁRA

**Kattarslagur fer fram á Leikhúsflötinni kl. 10:30 á Öskudaginn**

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrar bjóða Norðurorka og Leikfélag Akureyrar krökkum á Akureyri í kattarslag á leikhúsflötinni kl. 10:30

**Það lið sem slær tunnuna fær 4 miða á Gulleyjuna**

**Það lið sem slær köttinn fær 4 miða á Gulleyjuna**

**Munið búningasamkeppni Leikfélagsins Vinningshafinn fær miða á Gulleyjuna.**



## Sísí slekkur í sinu

BAKÞANKAR  
Svavar  
Hávarðsson

Sögusviðið er Stöðvarfjörður haustið 1977. Þorpsbúar berjast við sinueld þriðja daginn í röð. Í þetta skiptið er tví-sýnt hvort eldurinn nái að læsa sig í efstu húsin í þorpinu. Þeim fullorönu er ekki skemmt en fyrir þeim yngri er þetta ævintýri, enda gera þeir sér ekki grein fyrir alvöru málsins. Þegar kvöldar tekst að ráða niðurlögum eldsins og allir ganga til síns heima. Það sem brennur á vörum allra er spurningin: Hver er það sem kveikir í?



ÞESSUM dögum gleymi ég aldrei. Ég var að verða tíu ára og ekkert vissi ég þá skemmtilegra en að kveikja sinueld og reyna að slökkva hann aftur. Ástæðan fyrir því að þetta er minnisstætt er hins vegar sú að ég var EKKI einn þeirra sem börðust við eldana. Nei, ég sat þessa daga í eldhúsinu heima og stagaðist aftur og aftur í gegnum kvæðið um finnska bóndasoninn Svein Dúfu, undir ströngu eftirliti móður minnar. Það var gert undir hótunum kennara míns um að ef mér tækist ekki að sanna að ég væri orðinn sæmilega læs á afmælisdaginn minn síðar um haustið, þá myndi ég þann veturinn lesa Gagn og gaman og það í hópi yngstu nemenda skólans. Skömmun sem fylgdi þeirri tilhugsun var öllu yfirstærkari. Ég taldist „læs“ um miðjan október.

ÞETTA rifjaðist upp fyrir mér á dögnum þegar birtar voru um það fréttir að samkvæmt alþjóðlegri könnun getur fjórðungur íslenskra stráka á unglingsaldri ekki lesið sér til gagns. Stelpurnar eru mun færri, hvað sem útskýrir það. Þetta er mikið áhyggjuefni og ekki þarf að fara mörgum orðum um þann vanda sem getur beðið ungmenna sem dragast aftur úr. Skólayfirvöld og áhugafólk um læsi liggja yfir þessum niðurstöðum og leita svara við aðkallandi spurningum. Hvað er að strákunum okkar? Hvað er að skólakerfinu? Hvað er gert vel og hvað má gera betur?

SÍSÍ sá sól og Óli á lás virðast ekki hafa heillað mig í upphafi skólagöngu. Ég velti því fyrir mér hvað hefði frekar vakið áhuga minn á þessum aldri. Hefðu textarnir sem mér voru boðnir fram til tíu ára aldurs fjallað um sinueld þá hefði ég kannski frekar setið kjurr. Sísí slekkur í sinu, hefði kannski gert gæfumuninn.

EN Gagn og gaman er auðvitað ekki lengur grunnlestrarbók íslenskra barna. Skárna væri það nú. Bókin kom fyrst út árið 1944. Bókin sem nú er kennd í fyrstu bekkjum grunnskólanna heitir Lestrarlandið og kom inn í skólana í fyrrahaust, en þá taldist bókin Við lesum frá 1975 hafa þjónað æsku landsins nægilega lengi. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvaða bók tekur við af Lestrarlandinu árið 2050.

## myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



# ÖSKUDAGURINN ER Á MORGUN

ALLIR KRAKKAR GETA NÁÐ Í ANDRÉSBLAÐ Í ARION BANKA!

©Disney Takmarkað upplag




Á öskudaginn ætlar Arion banki að gefa öllum krökkum sem koma í útibú bankans, sérstakt öskudags Andrésblað.

Aldrei áður hefur Andrésblað verið prentað í jafn stóru upplagi á Íslandi og nú. Það er liður í því að styðja við aukinn lestur barna.

Andrés Önd á sér þúsundir aðdáenda á íslenskum heimilum.

Góða skemmtun!



Komdu á heimasíðu Andrésar [www.andrésönd.is](http://www.andrésönd.is) þar sem hægt er að hlusta á sögur, tónlist, Útvarp Andabæ og margt fleira.

Disney  
**Andrés Önd**



**UPPLÝFTING Í SKAMMDEGINU** Söngskólinn í Reykjavík fagnar Degi tónlistarskólanna með opnu húsi laugardaginn 25. febrúar frá klukkan 14 til 17.30. Dagskráin samanstendur af sjö stuttum einsöngstónleikum og þátttöku tónleikagesta. Inn á milli atriða gefst einnig kostur á að ganga um húsnæði skólans, skoða aðstæður og þiggja veitingar í boði skólans. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

## Kuldalegt, en hljómfagurt

Tónleikar ★★★★★

### Tónleikar Kammermúsíklúbbsins

Afmælistónleikar Kammermúsíklúbbsins sunnudaginn 19. febrúar í Hörpu.

**Flytjendur:** Cameractica (Eydis Lára Franzdóttir og Peter Tompkins, óbó; Kristín Mjöll Jakobsdóttir, fagott; Guðrún Óskarsdóttir, semball; Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir, fiðla; Svava Bernharðsdóttir, víóla; Sigurður Halldórsson, selló).

Það hefur alltaf verið notalegt að fara á tónleika Kammermúsíklúbbsins í Bústaðakirkju. Kirkjan er hlýleg og sjarmerandi. Hljómburðurinn þar er líka ágætur.

Í samanburðinum er Norðurljós Hörpu kuldalegur salur. Hann er alveg ferkantaður og maður sér sviðið illa, það er svo lágt. En það má laga það. Einnig má gera allt mögulegt við hljómburðinn, þetta er stillanlegur salur. Svo er líka hægt að breyta um líti á veggjunum. Blái liturinn er kaldur, en veggirnir geta verið rauðir, grænir eða hvað sem er.

Fyrstu tónleikar Kammermúsíklúbbsins voru haldnir í Melaskólanum árið 1957. Nánar tiltekið í febrúar, svo nú var komið að 55 ára afmælistónleikunum. Tónleikar klúbbsins hafa verið haldnir í Bústaðakirkju síðan árið 1975, en afmælistónleikarnir voru í Norðurljósum til reynslu.

Á margan hátt kom það vel út. Vissulega er það dýrara, bæði kostar salurinn heilan helling sem myndi skila sér í hærra miðaverði. Svo kostar bílastæði Hörpunnar 500 krónur fyrir tónleika, ekki má gleyma því. En hljómburðurinn þarna á tónleikunum var prýðilegur. Óbóin tvö í fyrsta verkinu, sónötu nr. 4 eftir Zelenka, hljómuðu fallega. Sömu sögu er að segja um fagottið. Sellóíð kom líka vel út og maður heyrði þokkalega í sembalnum. Að vísu var semballinn heldur aftarlega á sviðinu fyrir hljómburðinn. Hugsanlega hefði virkað betur að hafa hann á gólfinu á milli áheyrendabekkjanna og sviðsins.

Flutningurinn var ágætur. Túlkunin var lifleg og spennandi. Sömu sögu er að segja um næsta atriði dagskrárinnar, þrjár þýskar ariur eftir Händel. Söngkonan, Marta G. Halldórsdóttir, flutti ariurnar af innlifun og alveg réttu tilfinningunni fyrir barokkstílnum.

Aðalatriðið á efnið var hinn magnaði fjórði strengjakvartett Bartóks. Það er gríðarlega hugmyndarík tónsmíð. Stemningin er dálítið hryssingsleg, en einkennist jafnframt af heillandi dulúð. Flutningurinn var góður, samspilið var nákvæmt og vandað. Það var heilmikil stemning í spilamennskunni, og inntak tónlistarinnar komst afar vel til skila. Þetta var Bartók eins og Bartók á að vera.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Stemningin í Norðurljósum Hörpu er kuldalegri en í Bústaðakirkju, þar sem Kammermúsíklúbburinn hefur haft aðstöðu sína. En hljómburðurinn er betri.

## Linsan skiptir mig miklu máli

Vilhjálmur Knudsen fékk heiðursverðlaun Eddunnar fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar og ómetanlega söfnun og varðveislu heimildarmynda um íslenska náttúru og lifnaðarhætti.

Vilhjálmur Knudsen er sonur Ósvaldar Knudsen (1899-1975) sem var einn af frumkvöðlum í íslenskri heimildarmyndagerð. „Ég fékk kvikmyndabakteríuna ungur og byrjaði að mynda 13 ára. Fyrsta eldgosíð sem ég myndaði var Surtseyjargosið 1963, við pabbi vorum kringum það í þrjú og hálf ár. Síðan hef ég myndað öll eldsumbrot á Íslandi. Ég hafði náttúrulega áhuga á öllu mögulegu en fannst ég verða að sérhæfa mig í einhverju,“ segir Vilhjálmur sem meðal annars vakti Kröfluginn við Mývatn í 17 ár. „Við Kröflu var ég með marga kvikmyndatökumenn til að geta tekið myndir báðum megin við hraunið þannig að þetta var útgerð,“ lýsir hann.

Kvikmyndir þeirra feðga, Vilhjálmur og Ósvaldar um Surtseyjargos, Heklugos og Heimaeyjargos hafa orðið víðfrægar. „Ég var sá eini sem náði mynd af sprungunni frægu á Heimaey,“ upplýsir Vilhjálmur. „Vinur minn í Eyjum hringdi í mig og sagði að það væri komið gos, það hafði reyndar verið brandari í Vestmannaeyjum lengi svo ég var aðeins efins í byrjun, en svo flaug ég þangað í hvelli með Birni Pálssyni flugmanni og faðir minn í annarri vél.“

Eftir Vilhjálmur liggja þúsundir klukkustunda af efni og ríflega 70 kvikmyndir, auk myndbrota sem hafa ratað í heimildarmyndir um allan heim. Hann kveðst alltaf vera að biða eftir fleiri gosum. „Allt lífið er bið,“ segir hann sposkur og bæti svo við. „En það þarf líka ýmislegt annað að gera en að kvikmynda, til dæmis að skrá efnið.“

Vilhjálmur hefur boðið upp á áhrifamiklar eldgosasýningar í húsi föður síns að Hellusundi 6a oft



**VILHJÁLmur KNuDsEN** Fyrsta eldgosíð sem Vilhjálmur myndaði var Surtseyjargosið 1963. Síðan hefur hann myndað öll eldsumbrot á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

á dag, óslitið í 38 ár. Hversu margir skyldu komast inn í einu? „Metið hjá okkur er 109. Á veturna koma stundum fáir og stundum margir. Ég var með margar sýningar í gær til dæmis.“

En er Vilhjálmur eitthvað sérlega minnisstætt úr eldgosaaventýrum sínum? „Ég hef náttúrulega lent í ýmsu,“ viðurkennir hann. „Til dæmis við Mývatn. Stundum var ég

einn á fjallinu í 30 stiga frosti. Oft var erfitt að sjá hvar sprungurnar voru svo ég hef nokkrum sinnum farið niður í jörðina en fyrir Guðs mildi brotnaði linsan aldrei og ekki heldur fótleggirnir.“

Þegar haft er orð á að hann nefni linsurnar á undan fótleggjunum svarar Vilhjálmur brosandi. „Já, linsurnar skipta mig mjög miklu máli.“

gun@frettabladid.is

## Yfirnáttúrulegur veitingastaður

HAMINGJA  
HEILSA  
VELLÍÐAN

Opunartími: Virka daga 11-21  
Laugardaga 11-17

Listhúsinu Laugardal · Engjateig 19 · 105 Reykjavík  
Sími 553 1111 · www.glo.is

**glo**  
RESTAURANT



**STEINUNN BIRNA OG ÞÓRA** Þær flytja hrifandi sönglög franska tónskáldsins Henri Duparc.

## Bjóða í ferðalag

Fyrstu hádegistónleikar Íslensku óperunnar í Hörpunni verða í dag klukkan 12.15. Þóra Einarisdóttir sópransöngkona og Steinunn Birna Ragnarsdóttir pianóleikari ríða á vaðið og flytja hrifandi sönglög franska tónskáldsins Henri Duparc undir yfirskriftinni Boðið í ferðalag. Tónleikarnir fara fram í Norðurljósum og taka um hálf tíma í flutningi. Líkt og venja var til á hinum margrómuðu hádegistónleikum Íslensku

óperunnar í Gamla bíói geta tónleikagestir keypt sér hressingu fyrir og eftir tónleika og þannig nælt sér í andlega og líkamlega næringu í einu og sama hádegishléinu. Ókeypist er á tónleikana.

Þær Þóra og Steinunn Birna fluttu sömu dagskrá á Reykholtshátíð fyrir tveimur árum og hlutu mikið lof fyrir. Yfirskrift tónleikanna vísar til kvæðis Baudelaire, L'Invitation au Voyage.

- gun

# SJÁÐU VOLVO XC

Opið í dag  
9-17

Bíldshöfða  
6



Volvo XC sameinar tvo heima. Veröld náttúrunnar og kilið borgarinnar. Sérhver Volvo XC er hannaður fyrir aðstæður sem skilyrða líf fólks á norðlægum slóðum.

Aðstæður sem krefjast ökutækis sem er lipurt í borgarumferð og áreiðanlegt og öruggt við erfiðar aðstæður utan borgarmarka. Hver einasti Volvo XC er hannaður fyrir íbúa þessara svæða þar sem öryggi, vellíðan og yfirvegundu eru orð sem eru lýsandi fyrir tilfinningar ökumanns og farþega.

Þetta er bíllinn sem sniðinn er að þínum þörfum, bíllinn sem skilgreinir þig ... og segir þér hver þú ert! Öryggi er lúxus. Lífðu í lúxus.

Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



## Volvo XC90 AWD

D5, 2.4 Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 200 hö, tog 420 Nm.  
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 6,8 l/100 km. CO<sub>2</sub> 219 g/km.  
Verð frá kr. 10.990 þús.



## Volvo XC70 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.  
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,7 l/100 km. CO<sub>2</sub> 179 g/km.  
Verð frá kr. 9.090 þús.



## Volvo XC60 AWD

D5, 2.4 Twin-Turbo dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 215 hö, tog 440 Nm.  
Eldsneytisnotkun langkeyrsla 5,6 l/100 km. CO<sub>2</sub> 179 g/km.  
Verð frá kr. 8.890 þús.

**Komdu í Brimborg Bíldshöfða 6.  
Opið í dag 9-17.**

## VOLVO SEGIR ÞÉR HVER ÞÚ ERT OG HVAÐ ÞÚ GETUR



 **brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 | volvo.is



**47 ÁRA** er fyrrum ofurfyrirsætan Cindy Crawford en tíu ára dóttir hennar, Kaia, er einnig komin í fyrirsætubransann og auglýsir barnafatnað Versace.

## Simpsons orðnir 500

Fimm hundruðasti sjónvarpsþátturinn um Simpsons-fjölskylduna var sýndur í Bandaríkjunum á sunnudag. Í honum þurfti Homer og fjölskylda hans að yfirgefa heimkynni sín og búa á stað þar sem útlagar bjuggu, þar á meðal stofnandi Wikileaks, Julian Assange.

Samkvæmt sjónvarpsstöðinni Fox tók Assange upp sínar línur fyrir þáttinn í Bretlandi. Þar reynir hann að komast hjá því að verða framseldur til Svíþjóðar vegna ásakana um kynferðisofbeldi. 25. þáttaröðin af Simpsons er í gangi núna og þegar henni lýkur verða þættirnir orðnir 559 talsins.

## Enski rapparinn Skepta og Brain Police í hár saman

Rokksveitin Brain Police er ósátt við enska rapparann Skepta sem virðist hafa stolið lagi hennar. Lögfræðingur er kominn í málið.

Útgáfufyrirtæki Brain Police í Bandaríkjunum, Small Stone, ætlar að athuga hvort enski rapparinn Skepta hafi gerst sekur um brot á höfundarrétti með því að nota hluta úr lagi rokksveitarinnar í nýjasta smáskífulaginu sínu Hold On án hennar samþykkis. Um er að ræða lagið Jacuzzi Suzy sem kom út á plötunni Brain Police árið 2003.

„Það síðasta sem við heyrðum var að hann [útgefandinn] ætlaði að setja lögfræðinginn sinn í málið,“ segir Jenni söngvari, sem finnst lag Skepta hreint út sagt ógeðslegt. „Þetta er klárlega stolið hjá honum, það heyrir langar leiðir. Hann er ekki bara að taka riffið heldur nokkurn veginn bitað úr laginu líka. Það verður mjög gaman að fylgjast með hvað gerist næst.“



Jenni og félagar höfðu reynt að ná sambandi við Skepta í gegnum Facebook en hann svaraði ekki skilaboðum þeirra. Þá hvöttu þeir aðdáendur sína til að herja á Facebook-vegginn hans til að knýja á um svör. „Við settum PR-vélina í gang og dúndruðum aðeins á hann.“

Skepta varð að vonum skelkaður yfir atlögunni og svaraði um hæl eftir að hafa heyrt íslenska lagið. Þar baðst hann afsökunar á að hafa notað það og en sagðist ekki hafa borið ábyrgð á því



**BROTID Á BRAIN POLICE** Rokkararnir eru ekki sáttir við enska rapparann Skepta, sem tók lag sveitarinnar ófrjálsri hendi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sjálfur. „Það var leiðinlegt að fréttu það að Brain Police vissi ekki af því að lagið hennar hefði verið notað,“ skrifaði Skepta. „Ég vil taka það fram að ég stjórnaði ekki upptökunum á hljóðfærakaflanum og ég stal ekki frá neinum, ég bara rappaði textann. Ég er algjörlega á móti því að stela tónlist og ég vil þakka Brain Police fyrir framlag hennar.“

Jenni segist ekki viss um að Skepta fari með rétt mál. „Við fórum á Wikipediu og gátum ekki annað séð en að hann sé skráður fyrir öllum lögum á þessari plötu sem er að koma út með honum í mars,“ segir hann.

Lagið Hold On hefur verið mikið spilað í Bretlandi og komist inn á þrjá vinsældalista. „Miðað við spilun og annað ættu að vera peningar í spilinu. Við ætlum ekkert að láta stóra manninn niðast á litla manninum, það er ekki sjens.“

freyr@frettabladid.is

KRAUMANDI  
KRAMHUS

NÝTT!!

Kennarar okkar hafa verið á ferð og flugi og koma nú með það nýjasta frá Gineu, London, New York og Búdapest!

Ný 6 vikna námskeið hefjast 20. febrúar



Margrét BollyWood



Sandra Afró & Hiphop



Eva Suto Magadans & Zumba



Brogan Contemporary



Natasha Break & Hiphop

SKRÁNING  
STENDUR YFIR



DANSORKAN  
ER Í  
KRAMHÚSINU!

www.kramhusid.is  
551 5103 & 551 7860

# Verzló

OPIÐ HÚS 23. febrúar 2012 KL. 17:00 - 19:00



Kíktu



Opið hús 23. febrúar 2012, kl. 17:00 - 19:00. Starfsfólk og nemendur sýna þér skólann og svara spurningum.

Verzlunarskóli Íslands | Ofanleiti 1 | 103 Reykjavík

Sjáðu



Verzlingar segja þér allt sem þú vilt vita um skólann á verslo.is.

Kynningarmyndbönd á verslo.is



**CULLUM SEMUR LAG** Söngvarinn hæfileikaríki er einn þriggja höfunda þýska lagsins í Eurovision í ár.

## Jamie Cullum í Eurovision

Breski söngvarinn og laga-höfundurinn Jamie Cullum bar sigur úr býtum í undankeppni Eurovision-söngvakeppninnar í Þýskalandi um helgina.

Söngvarinn vinsæli steig þó ekki á svið sjálfur, heldur samdi hann sigurlagið, Standing Still, ásamt tveimur ástsælustu laga-höfundum Bretlands, Steve Robson og Wayne Hector.

Það var 22 ára þýskt sjarmatröll, Roman Lob, sem flutti lagið sem sigraði æsispennandi úrslitakeppnina og verður því framlag Þýskalands í lokakeppninni í Bakú í maí.

Þýskaland hefur tvisvar sinnum sigrað í Eurovision. Nicole Hohloch var 17 ára gömul árið 1982, þegar hún sigraði með laginu Ein bißchen Frieden, og hin 19 ára Lena Meyer-Landrut sigraði árið 2010 með laginu Satellite.

- trs

# Sængaði hjá heilu auglýsingaskilti

Breska leikkonan Minnie Driver segist elska að búa í Kaliforníu. Það fari þó í taugarnar á henni að hvert sem hún fari sé hún minnt á mistök sín eða það sem hún hefur misst af.



**HRESS** Driver komst að því að það borgar sig ekki að vera lauslát í Hollywood.

með fyrrverandi kærustum sínum.

Eitt vandræðalegasta, en jafnframt myndnasta atvik sem hún hefur lent í, segir hún hafa verið fyrir ekki svo löngu síðan þegar hún gekk fram hjá slíku auglýsingaskilti og áttaði sig á því að hún hefði sængað hjá öllum karleikurunum sem voru þar saman komnir.

# Afmæliskveðjum rigndi yfir Rihönnu

Söngkonan Rihanna var stödd í Lundúnum á 24 ára afmælisdaginn sinn í gær en addáendur söngkonunnar fjölmenntu fyrir utan hótél hennar í gærmorgun í von um að fá að óska stjórnunni til hamingju með daginn. Afmæliskveðjum, blómum og kortum rigndi því yfir söngkonuna er hún gekk út af hótelinu en Rihanna sýndi mikla þolinmæði og stillti sér upp með addáendum sínum. Rihanna er í

Lundúnum að taka upp nýtt efni í stúdíói, eitthvað með fyrrverandi kærasta sínum, Chris Brown, og hún ætlar að vera gestur á tískuvíkunni sem fer fram í borginni en hún var sérstakur gestur Stellu McCartney á sýningu hennar um helgina.

**AFMÆLI Í LONDON** Rihanna var stödd í London á afmælisdaginn. NORDICPHOTOS/GETTY



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 21. febrúar 2012

### Tónleikar



**12.15** Sópransöngkonan **Þóra Einarsdóttir** og píanóleikarinn Steinunn Birna Ragnarsdóttir flytja sönglög Henri Duparc á fyrstu hádegistónleikum Íslensku óperunnar í Hörpu. Yfirskrift tónleikanna er Boðið í ferðalag. Þeir fara fram í sal Norðurljósa.

### Umræður

**15.00** Málstofa um Stífni nafnlauna og launaákvæðanir verður haldin í fundarsal Seðlabankans í Sölvhóli. Frammælandur eru þau Jósef Sigurðsson og Rannveig Sigurðardóttir.

### Uppákomur

**17.00** Borgarbókasafn býður upp á dagskrá fyrir börn og fjölskyldur þeirra í aðalsafni sínu í tilefni af Alþjóðlegum móðurmálsdegi. Frú Vigdís Finnbogadóttir verður heiðursgestur samkomunnar sem er ætlað að skapa gleði og stolt hjá börnum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Allir velkomnir.

### Tónlist

**20.30** Kjeld Lauritsen tríó treður upp á Jazztónleikaröðinni á KEX Hostel. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



# SPRENGIDAGSSALTKJÖT



Fyrsta flokks hráefni er grunnurinn að góðri máltíð. Goða saltkjöt er sérvælið og framleitt af sannkölluðum fagmönnum.

**Borðaðu vel á sprengidaginn!**



-alltaf góður


## Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45


ENGINN AÐGANGSEYRIR ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK



SAMBÍÓN ALFABAKKA				SAMBÍÓN EGILSHÖLL			
A FEW BEST MEN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	12	FRÍÐA OG DÝRIÐ	kl. 6	3D	10
A FEW BEST MEN Luxus VIP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	VIP	EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE	kl. 5:20 - 10:10	2D	10
EXTREMELY LOUD INCREDIBLY CLOSE	kl. 5:40 - 8 - 10:40	2D	10	A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:40	2D	12
BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ)	kl. 6	3D	10	HUGO	kl. 5:20 - 8	2D	10
HUGO	kl. 5:20 - 8	2D	10	ONE FOR THE MONEY	kl. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12
HUGO	kl. 10:40	3D	10	UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 10:10	2D	16
ONE FOR THE MONEY	kl. 8:20	2D	12	MAN ON A LEDGE	kl. 8	2D	12
CONTRABAND	kl. 8 - 10:20	2D	16	SAMBÍÓN KRINGLUNNI			
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:40	2D	10	EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 8 - 10:40	2D	10
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 10:40	2D	12	A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:10	2D	12
SAMBÍÓN AKUREYRI				SHAME	kl. 8 - 10:10	2D	16
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:30	2D	12	BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ)	kl. 6	3D	10
FRÍÐA OG DÝRIÐ ISL TAL Í 3D	kl. 6	3D	10	WAR HORSE	kl. 5	2D	12
EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 8 - 10:30	2D	10	THE HELP	kl. 5	2D	12
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 6	2D	10	SAMBÍÓN KEFLAVÍK			
SAMBÍÓN SELFOSS				EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE	kl. 8	2D	10
A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:20	2D	12	A FEW BEST MEN	kl. 8 - 10:10	2D	12
CONTRABAND	kl. 8	2D	16	THIS MEANS WAR	kl. 10:30	2D	14
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 10:20	2D	12	FRÍÐA OG DÝRIÐ	kl. 6	3D	10
FRÍÐA OG DÝRIÐ	kl. 6	3D	10	PUSS IN BOOTS	kl. 6	2D	12
PUSS IN BOOTS	kl. 6	3D	10				



BIÐU EFTIR KISTUNNI Aðdáendur biðu eftir að líkbillinn með Houston keyrði framhjá.



GRÉT Alicia Keys söng í kirkjunni og felldi tár í flutningi sínum.

# Whitney Houston kvödd

Heimsbyggðin fylgdist með þegar söngkonan Whitney Houston var borin til grafar í heimabæ sínum Newark á laugardaginn í beinni sjónvarpsútsendingu.



SÖNG Stevie Wonder tók lagið í jarðarförinni.

„Þú varst ekki bara sæt, þú varst falleg. Fólki þótti ekki bara vænt um þig, það elskaði þig,“ sagði leikarinn Kevin Costner í ræðunni sem hann fór með í útför Whitney Houston. Costner og Houston urðu miklir vinir eftir að þau léku saman í myndinni Bodyguard. Lagið úr myndinni I Will Always Love You var spilað í kirkjunni þegar kistan var borin út.



GULLINN LÍKBÍLL Líkbillinn keyrði um götur bæjarins í lögrefluglygd.



AÐDÁENDUR Margit lögðu leið sína til Newark um helgina til að minnst söngkonunnar.

Það voru þéttsetnir kirkjubekkirirnir í New Hope kirkjunni í Newark af vinum og vandamönnum söngkonunnar, meira að segja svo þéttsetnir að Bobbi Brown, fyrrverandi eiginmanni Houston, þótti nóg um og lét sig hverfa í upphafi athafnarinnar. Var hann óánægður með sætaskipan í kirkjunni og fannst leiðinlegt að vera meinaður aðgangur að dóttur þeirra Houston, Bobbi Kristinu.



YFIRGAF ÚTFÖRINA Fyrrum eiginmaður Whitney Houston varð ósáttur við sætaskipan í kirkjunni og yfirgaf athöfnina í fússi.



MINNINGARVEGGUR Margir skildu eftir sig bréf, blóður og blóm við kirkjuna í Newark.

## Þýsk Mercury-sveit til Íslands

Þýska hljómsveitin Mercury, sem spilar vinsælustu lög Queen, stígur á svið í Laugardalshöll 7. apríl.

Mercury hefur verið starfandi síðan 1991 og hefur komið fram á um tvö þúsund tónleikum. Það er hinn kanadíski Johnny Zatylny sem bregður sér í hlutverk söngvarans sáluga Freddie Mercury og þykir gera það einkar vel.

þeir eru mjög öflugir á tónleikum.“ Stutt er síðan sveitin spilaði í Horsens í Danmörku og þóttu tónleikarnir heppnast sérlega vel.

Í fyrra voru liðin tuttugu ár síðan Freddie Mercury dó og af því tilefni voru haldnir fernir tónleikar í Hörpu. Þeir heppnuðust svo vel að ákveðið var að halda aukatónleika í Hörpu 18. apríl, eða aðeins ellefu dögum eftir Mercury-tónleikana í Laugardalshöll. „Það er óheppilegt að þetta skuli vera á sama tíma,“ segir Sigurður, spurður út í hina tónleikana.



Í GYLTA BÚNINGNUM Johnny Zatylny bregður sér í hlutverk Freddie Mercury og þykir gera það sérlega vel.

Miðasala á Mercury hefst í dag kl. 10 á Midi.is.





# Saltkjöt og baunir - túkall!



Í dag bjóðum við þér upp á  
rammíslenska saltkjötsveislu  
**á aðeins tvær krónur.**  
Sprenglægilegt verð aðeins í dag.

**2,-**

## Glens og gaman á öskudaginn í IKEA

### Skemmtidagskrá kl. 11-17

- Búningasamkeppni
- Kötturinn sleginn úr tunnunni
- Ókeypis myndataka
- Ókeypis andlitsmálun
- Lukkuhjól - engin núll
- Nammi og fjör



Verzlun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)





# 8 ára

Nú erum við 8 ára og af því tilefni bjóðum við fullt af spennandi vörum á góðu verði!

## TÖLVUTILBOÐ - AFMÆLISPAKKI



- > Athlon II X250 3,0GHz DualCore AM3 Örgjörvi
- > 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni - lífsstíðarabýrgð
- > 500GB SATA3 diskur - 7200rpm
- > DVD skrifari @ 22xDVD+/- DL skrifari 48x CD & DVD drif
- > Litlir og nettir Logitech hátalarar
- > ATI HD3000 skjástýring með allt að 512MB minni
- > Acer 21,5" LCD Widescreen Full HD 1920x1080 skjár
- > Vandað lykklaborð með USB tengi
- > Logitech Wheel Mouse Optical með skrunhjól
- > Windows 7 Home Premium 64bita

**99.950**

## MARGMIÐLUNARSPILARI

TVX



TViX S-1

Einn flottasti Full HD spilarinn okkar. Hæsti gæðaflokkur. LAN, HDMI, Component og Optical tengi. CoverArt flettvíðmót. Þægilegur í notkun og hjóðlátur.

**29.950**

## MINNISLYKILL



**16GB**

Corsair USB2 Voyager

16GB USB minnislykill, vatnspéttur og höggvarinn með 10 ára ábyrgð.

**3.950**

## LEIKJAMÚS

RAZER



Razer DeathAdder

Mögnuð leikjamús, Optical 3,5G, 3500dpi

**8.950**

## HARÐDISKUR



Western Digital Green 1TB

WD1000 EARS harður diskur með 64MB buffer, Greenpower, 5400 - 7200rpm.



**17.450**

## SKJÁKORT

msi



MSI AMD Radeon R6950 TWIN FROZR II

2GB skjákort með 5000MHz GDDR5 minni, 800MHz kjama, 2x DVI, HDMI og Display port.

**43.950**

## TURNKASSI



CoolerMaster Sileo 500

Einstaklega vel hjóðeinangraður tölvukassi með diskadempurum.

**12.950**

## LEIKJATURN



- CoolerMaster Elite 430 leikjaturm m/glugga
- Athlon II X3 455 3,3GHz TripleCore örgjörvi
- 4GB Dual DDR3 1333MHz vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 1TB SATA3 Seagate harður diskur
- MSI Geforce N550GTX 1GB GDDR5 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-bitu

**119.950**

## FJÖLNOTATAEKI

EPSON



Epson SX420W

Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar í 5760x1440p upplausn. Skannar í 1200x2400p upplausn. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

**9.950**

## FISLÉTT FARTÖLVA



Asus Eee PC 1011PX

- > Intel Atom N570 Dual Core örgjörvi
- > 1GB DDR3 1066MHz minni
- > 320GB hjóðlátur harðdiskur
- > Windows 7 Starter stýrikerfi
- > 3x USB 2.0, VGA, kortalesari
- > Aðeins 1.1 kg

**46.950**

## LCD SKJÁR



AOC 931SWL

18,5" LCD skjár með 1366x768p upplausn, 10.000:1 skerpu, 5ms svartíma, TN filmu, VGA tengi o.fl.

**14.950**

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR **AÐEINS KR. 850** HVERT Á LAND SEM ER  
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI  
• SÍMI 569 0700 • [www.att.is](http://www.att.is)

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði





# Hásætið í lífi þínu.



**Aðeins 38.793 kr. á mánuði\***

## Nýr Mazda5. Nýtt líf. FRUMSYNING

### Komdu og skoðu nýja barna-fjölskyldubílinn.

Komdu á frumsýningu í dag. Skoðu 7 sæta fjölskyldubíl barnanna, Mazda5. Há akstursstaða, rennihurðir, fjölbreytilegt innanrými og fyrsta flokks öryggi. Sjálfskiptur eða beinskíptur með bensínvél. Dísilvél með beinskíptingu. Öflug miðstöð, tengi fyrir tónhlöðu, 12V tenglar, MP3 spilar, geymsluhólf, leðurklætt stýri og girnhúður. Japönsk gæði. Mazda rekstraröryggi. Vertu Mazda.



### Nýr og endurhannaður Mazda5. Mikill búnaður og hagstætt verð.

Öryggi er það mikilvægasta í lífi fjölskyldunnar. Öryggið er hásætið í lífi þínu. Nýr endurhannaður Mazda5 hefur eitt aðalmarkmið: að tryggja öryggi fjölskyldunnar. Sætisstaðan í Mazda5 veitir dýrasta faminum, bömunum, góða yfirsýn og rými sem stuðlar að vellíðan þeirra og ánægjulegri samverustund. Mundu eftir því mikilvægasta núna þegar þú hugleiðir bílakaup. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir öryggi barnanna þig mestu máli. Fjárfestu í öruggri framtíð barnanna þinna. Kaupu nýjan og endurhannaðan Mazda5. Komdu í Brimborg, Akureyri, Reykjavík.



### Lækkað verð á Mazda í dag

**4.090.000 kr.**

Eða 38.793 kr. í 84 mánuði miðað við upptöku á bíl að verðmæti 1.700.000 kr.\* Arleg hlutfallstala kostnaðar 9,91%.

### Mazda5 Advance

1,6 dísil. 115 hestöfl. 6 gíra beinskíptur. Eldsneytisnotkun 5,2 l/100 km. Koltvísýringur CO<sub>2</sub> 138 g/km. Fáanlegur bensín og sjálfskiptur.

Nákvæm stjóm nýja Mazda5 eykur öryggi fjölskyldunnar.

**Beindu saman verð og gæði Mazda og Toyota**

**Seldu okkur gamla bílinn upp í nýjan.** Þú borgar aðeins 38.793 kr. á mánuði miðað við upptöku á bíl að verðmæti 1.700.000 kr.\*



Bömin sitja hátt og rólegri í 7 sæta nýjum Mazda5.

### Komdu. Losnaðu við þann gamla í dag!

Núna er tækifærið að losna við þann gamla. Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda. Nýttu þér lækkað verð á Mazda í dag. Komdu á Bíldshöfða 8 eða Tryggvabraut 5, Akureyri.



**Frumсыning**  
Í dag milli kl. 9 og 17  
Akureyri og Reykjavík



„Ég hlusta mest á Mugison þessa dagana, nýju plötuna hans. Mér finnst hann mjög góður.“

Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur.

# Enskur texti saminn við Mundu eftir mér

„Enski textinn er til en hann er ekki endanlegur,“ segir Greta Salóme Stefánsdóttir, höfundur og annar flytjandi framlags Íslendinga til Eurovision-söngvakeppninnar í Bakú í lok maí.

Ekki hefur verið ákveðið hvort lagið Mundu eftir mér verði flutt með íslenskum eða enskum texta í Eurovision ytra. Greta segir það velja á því hvernig textinn hljómar og hvort þau verði ánægð með hann. Hún segir mikilvægt að hugsa hlutina í stóru samhengi þegar horft er á keppnina úti þar sem langflestir sem koma til með að kjósa séu að heyrja lögin í fyrsta skipti. „Enskan höfðar til fleiri og við verðum að taka það með í reikninginn, Margir útlendingar virðast samt heillast af þessum álfablæ sem

fylgir íslenska textanum,“ segir Greta. Greta segist hafa skoðað það að hafa blandaðan texta með íslensku og ensku og ætlar ekki að útiloka að það verði gert. „Ég er samt svona allt eða ekkert manneskja og mér finnst frekar þurfa að vera góður íslenskur texti eða góður enskur texti,“ segir hún og tekur skýrt fram að þó sungið yrði á ensku úti þá komi íslenska útgáfan til með að lifa áfram.

Sami hópur flytur lagið á sviðinu í Bakú og flutti það í Hörpu á dögnum og nú stýttist í að Greta og félagar þurfi að skila því af sér út. „Við höfum þar til um miðjan mars til að skila af okkur öllu sem tengist laginu,“ segir Greta og bætir við að undirbúningur standi nú yfir fyrir upptöku á myndbandi við lagið.

- trs



GRETA SALÓME Segir nauðsynlegt að hafa í huga að enskur texti höfði til fleiri kjósenda.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Lagið Pretty Face með tónlistarkonunni **Sóleyju** hefur vakið mikla lukku á myndbandasíðunni Youtube. Hlustað hefur verið á það yfir 900 þúsund sinnum og fær það mjög góða dóma hjá hlustendum. Lagið er tekið af fyrstu sólóplötu Sóleyjar, We Sink, sem kom út í fyrra á vegum þýska fyrirtækisins Morr Music við góðar undirtektir. Fleiri lög af plötunni hafa notið vinsælda á síðunni, þar á meðal Smashed Birds, sem um 200 þúsund manns hafa hlýtt á.

Teiknimyndin **Hetjur Valhalla**: Þór heldur áfram að gera góða hluti í Suður-Kóreu. Hún var fjórða vinsælasta myndin í landinu aðra vikuna í röð eftir síðustu helgi og jafnframt vinsælasta erlenda myndin. Samanlagt hafa meira 410 þúsund manns séð myndina, sem hlýtur að teljast frábær árangur svo skömmu eftir frumsýninguna þar í landi.



- fb



GERIR ÞAÐ GOTT Ragnar Sólberg ferðast nú um Evrópu ásamt hljómsveitinni Pain of Salvation.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RAGNAR SÓLBERG: HLUSTA Á KISS Á MEÐAN RÓTARARNIR DJAMMA

# Blíðar móttökur aðdáenda Pain of Salvation í Evrópu

„Ég hef fengið mjög góðar viðtökur. Bæði frá gagnrýnendum og aðdáendum – þau virðast strax vera búin að samþykkja mig,“ segir tónlistarmaðurinn Ragnar Sólberg.

Ragnar gekk nýlega til liðs við sænsku prog-þungarokkhljómsveitina Pain of Salvation. Hljómsveitin á aðdáendum víða um heim og er núna á tónleikaferðalagi um Evrópu. Ragnar er ánægður með viðtökurnar, en hann bjóst ekki við að þær yrðu svona góðar.

„Ég bjóst algjörlega við því að mæta mótspyrnu og var viðbúinn því að þurfa að hrækja framan í mótælendur, en ég er alveg búinn að sleppa við það hingað til,“ segir Ragnar, sem var staddur í Suður-

Ég bjóst algjörlega við því að mæta mótspyrnu og var viðbúinn því að þurfa að hrækja framan í mótælendur.

RAGNAR SÓLBERG  
TÓNLISTARMAÐUR

Frakklandi þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann segir að mórallinn í hljómsveitinni hafi verið góður frá fyrsta degi tónleikaferðalagsins, sem hófst í Skotlandi 10. febrúar. „Það er auðvitað voða mikill einkahúmor í gangi,“ segir Ragnar. „Sérstaklega hjá mér og trommaranum, báðir erum við innflytjendur og

leikum okkur glatt að því að bulla á sænsku og búa til ný orð og svona. Tæknimennirnir og rötarnir eru á svipuðum aldri og ég og fullir af fjöri, fara seinastir að sofa og vakna fyrstir með bros á vör. Maður er náttúrulega löngu búinn að snúa sólarhringnum við þannig að aðal lífið er um nætur, yfirleitt hlustað á Kiss eða horft á myndir á meðan rötarnir djamma í sínu horni.“

Ragnar er kominn til Spánar og kom fram ásamt Pain of Salvation í Madrid í gær og kemur fram í Barselóna í kvöld. Tónleikaferðalagið endar svo í Stokkhólmi 26. mars eftir viðkomu í fjórtán löndum Evrópu á rúmum mánuði.

atlifannar@frettabladid.is

## Góðverk dagsins!

Hefur þú gert góðverk í dag?

Skátarnir

50% afsláttur

AF ÚTILJÓSUM Í KOPAR OG GYLTTU



RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA, 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA  
Mán. til fös. kl. 9 - 18  
Laugard. kl. 10 - 16  
Sunnud. kl. 12 - 16



Golden Globe - Besti dramapáttur ársins

HOMELAND

Hefst í mars á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

BIÓ EXTRA

## Vogue og ID hampa Ernu

„Þetta var rosalega skrýttinn dagur og ég finn fyrir miklum létti núna þegar vinnutönnin er að taka enda,“ segir Erna Einarsdóttir fatahönnuður sem sýndi fatalínu sína á tískuvikunni í London á föstudaginn.

Erna er útskriftarnemi í fatahönnun við Central Saint Martins en útskriftarsýningar skólans er alla jafna beðið með mikilli eftirvæntingu af tískuheiminum enda hefur skólinn alið af sér helstu hönnuði heims.

„Mamma mín, tengdamamma og kærasti voru í áhorfendahópnum og þau sögðu að það hafi allavega verið um 400-500 áhorfendur á sýningunni,“ segir Erna en hún hefur eytt helginni í að skoða umsagnir blaðamanna og bloggara um fatnaðinn sinn.

Erna þarf engu að kvíða því



FÉKK GÓÐ VIÐBRÖGÐ Erna var í spennufalli eftir að sýningin var afstaðin og ánægð með góðar viðtökur blaðamanna og bloggara.

grátóna ullarpeysur hennar og kálfasið pilsin lögðust almennt vel í tiskuspekinga og er Erna sérstaklega nafngreind í flestum umsógunum en sýninguna sjálfa. ID Online segir fatalínu Ernu bera skandinavískan keim og setur hana

í topp fjóra af 20 nemendum sem sýndu á sýningunni. Tim Blanks hjá Style segir að fatalína Ernu og þriggja annarra nemenda hafi verið undantekning frá annars heldur leiðinlegri sýningu. Jessica Bums hjá breska Vogue var hins vegar hrifin af sýningunni í heild sinni og skrifar „Svölu gráu þrjónapeysurnar hennar Ernu Einarsdóttur mega koma og eiga heima í fata-skápnum mínum núna strax.“

Erna notaði íslenska ull í sýningu sinni og fékk styrk frá Ístex til að gera útskriftarlínuna. En hvað tekur núna við hjá Ernu? „Það er mánuður eftir af skólanum og svo veit ég ekki. Ætli maður bíði ekki aðeins og sjái hvað kemur út úr þessu á næstu vikum en annars er ég komin með smá heimþrá eftir sjö ár erlendis. Það væri gaman að koma heim og vinna.“

- áþ



# MEGAVIKA

1.390 KR.

Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.  
Vikuna 20. – 26. febrúar 2012



HVÍTLAUKSOLÍA  
FYLGIR  
FRÍTT MEÐ  
ÖLLUM  
PÖNTUNUM

dominos.is



58·12345



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMFRÆÐAN

## VÍSIR

Meiri Vísir.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Mugison með fullt hús stiga í Noregi

Íslenskir tónlistarmenn voru á meðal þeirra sem spiluðu á byLarm tónlistarhátíðinni í Ósló um helgina. Tónlistarsíðan musikknýheter.no hefur gefið ýmsum tónleikum á hátíðinni umsagnir og einkunnir. Þannig fengu bæði Snorri Helgason og Prins Póló jákvæða dóma og einkunnina sjö af tíu. **Mugison** heillaði Norðmennina hins vegar mest ef marka má dóminn á síðunni. Tónleikar hans fá fullt hús stiga, tíu af tíu mögulegum.



Gagnrýnandinn segir í grein sinni að áhorfendur, ljósmyndarar og jafnvel öryggisverðir hafi brosað út að eyrum.

#### Aðeins það besta fyrir Corea

Eins og komið hefur fram spilar píanósningurinn og Grammy-verðlaunahafinn **Chick Corea** í Eldborgarsal Hörpu 24. apríl ásamt Gary Burton en miðasala hefst í dag. Heimildir Fréttablaðsins herma að það mikilvægasta í samningaviðræðunum við þá félaga hafi ekki verið peningarnir heldur að útvega nógu góðan flygil fyrir Corea. Einnig gerðu þeir kröfur um að að flygillinn yrði rétt stilltur og hann yrði ekki of lengi á sviðinu fyrir tónleikana. Eftir að þeim var bent á alla þá flygla sem Harpa hefur upp á að bjóða ákvað Corea að velja þann flottasta og dýrasta, eða Steinway D.



- þeb, fb

### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Marilyn Monroe kosin besti strandkroppur sögunnar
- 2 Solla er besti hráfæðiskokkur í heimi
- 3 Hópur ungmenna réðst á mann vegna fíkniefnaskuldar
- 4 Pakhýsi dæmt niður en komið upp aftur
- 5 Matarlaus í bíl í tvo mánuði í Norður-Svíþjóð

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



Gerðu gæða- og verðsamanburð



## IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.

Verðdæmi á Queen 153x203 cm á íslenskum botni **179.900 kr.**



#### Saga/Freyja/Þór hágæða heilsudýnur

Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.

Verð á Queen 153x203 cm á íslenskum botni frá **129.900 kr.**



Mikið úrval af stillanlegum rúmum



## Svefn & heilsa



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is